

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 401/2010

2012/EES/67/44

frá 7. maí 2010

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknarnir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ⁽¹⁾, einkum k-, l- og m-lið fyrstu málsgreinar 121. gr. og 203. gr. b í tengslum við 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 ⁽²⁾ skal árleg sannprófun á vínnum með verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu fara fram með slembiathugun, sýnatöku eða kerfisbundnu eftirliti, með það í huga að einungis er hægt að sameina sýnatökuna og slembiathugunina. Sum þeirra aðildarríkja sem hingað til hafa frekar kosið að beita kerfisbundnu eftirliti hafa skipt um skoðun og óska eftir að geta sameinað allar þrjár tegundir eftirlits. Því skal bjóða aðildarríkjum upp á meiri sveigjanleika að því er varðar kerfi fyrir árlega sannprófun.
- 2) Eftir að reglugerð (EB) nr. 607/2009 var samþykkt fundust í henni tæknilegar villur sem ber að leiðrétta. Einkum ber þar að nefna að ranglega var minnst á heiti vínþrúguyrkisins „Montepulciano“ í B-hluta XV. viðauka og skal því færa það yfir í A-hluta þess viðauka. Einnig skal lagfæra ritháttinn á tilteknum ákvæðum til að auka skýrleika.
- 3) Til glöggvunar og samræmingar skal endursema tiltekin ákvæði reglugerðar (EB) nr. 607/2009 eða gera þau nákvæmari. Þetta á einkum við um ákvæði sem gilda um þriðju lönd sem skulu fá tækifæri til að nota tilteknar valkvæðar upplýsingar að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði sem eru jafngild þeim sem krafist er af aðildarríkjum. Þetta á einnig við um XII. viðauka, þar sem hugtakanotkun skal vera í samræmi við skrána yfir verndaðar upprunatáknarnir eins og hún birtist í skránni. Einnig skal innleiða ný ákvæði til að ná fram nákvæmni með tilliti til merkinga og framsetningar.

- 4) Samveldið Ástralía hefur farið fram á að ný heiti vínþrúguyrkja verði tekin inn í B-hluta XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009. Framkvæmdastjórnin skal, eftir að hafa athugað að beiðnin standist á fullnægjandi hátt þau skilyrði sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 62. gr. og 4. mgr. 62. gr. þeirrar reglugerðar, skrá Ástralíu í dálkinn sem svarar til heitis þessara vínþrúguyrkja í þeim viðauka.
- 5) Samningurinn á milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna um viðskipti með vín ⁽³⁾ inniheldur skrá yfir heiti vínviðaryrkja sem nota má sem upplýsingar í merkingum. Því skal skrá Bandaríkin í B-hluta XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 607/2009, í dálkinn sem svarar til heita þessara vínþrúguyrkja.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 607/2009 til samræmis við það.
- 7) Til að komast hjá stjórnsýslulegum byrðum vegna kostnaðar við vottanir og hjá erfiðleikum í viðskiptum skulu breytingarnar, sem lagðar eru til með þessari reglugerð, gilda frá sama degi og reglugerð (EB) nr. 607/2009, það er að segja frá 1. ágúst 2009.
- 8) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 607/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„1. Skráin yfir verndaðar upprunatáknarnir og verndaðar, landfræðilegar merkingar, sem framkvæmdastjórnin viðheldur eins og kveðið er á um í 118. gr. n í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 (), hér á eftir nefnd „skráin“, er í rafræna gagnasafninu E-Bacchus.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 117, 11.5.2010, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, bls. 31.

(¹) Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

(²) Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60.

(*) Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

(³) Stjtið. ESB L 87, 24.3.2006, bls. 2.

2. Í stað 24. gr. komi eftirfarandi:

sem aðalskrifstofa átapparans, framleiðandans, seljandans eða innflytjandans er staðsett.“

„24. gr.

Tilkynningar um rekstraraðila

Tilkynna skal lögbæra eftirlitsfirvaldinu, sem um getur í 118. gr. o í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, um hvern þann rekstraraðila sem óskar eftir að taka þátt, að öllu leyti eða að hluta til, í framleiðslu eða þökkun afurða með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu.“

3. Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr.:

i. Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Árlega sannprófunin skal framkvæmd í aðildarríkinu þar sem framleiðsla fór fram í samræmi við forskriftina fyrir afurðina og skal fara fram:

- a) með slembiathugunum á grundvelli áhættugreiningar eða
- b) með sýnatöku eða
- c) kerfisbundið eða
- d) með samlandi af einhverju af framangreindu.“

ii. Fimmta undirgrein falli brott.

b) Í stað a-liðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„a) niðurstöður prófananna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og í 2. mgr. sýna fram á að afurðin sem um ræðir standist skilyrðin í forskriftinni og búi yfir öllum viðeigandi eiginleikum sem krafist er fyrir þá upprunatáknun eða landfræðilegu merkingu sem um er að ræða,“

4. Ákvæðum 1. mgr. 56. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) „átappari“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila með staðfestu í Evrópusambandinu sem stundar átöppun eða lætur átöppun fara fram á sínum vegum,“

b) Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) „heimilisfang“: upplýsingar um staðbundna stjórn-sýslusvæðið og aðildarríkið eða þriðja landið þar

5. Ákvæðum 63. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fjórðu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Rekstraraðilar sem gangast undir vottun skulu bera kostnaðinn af henni nema ef aðildarríki ákveða annað.“

b) Eftirfarandi fjórði undirliður bætist við í 7. mgr.:

„Ef um er að ræða Breska konungsríkið er heimilt að setja inn heiti einstaks lands, sem er hluti af Breska konungsríkinu, í stað heitis aðildarríkisins.“

6. Í stað 4. mgr. 64. gr. komi eftirfarandi:

„4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um afurðir sem um getur í 3., 8. og 9. lið XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007, að því tilskildu að aðildarríkin reglufesti notkunarskilyrðin um tilgreiningu sykurnnihalds eða að um þau séu settar reglur sem gilda í viðkomandi þriðja landi, þ.m.t., ef um þriðju lönd er að ræða, reglur sem atvinnugreinasamtök setja.“

7. Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 67. gr. komi eftirfarandi:

Ef nota á heiti landfræðilegrar einingar, sem er minni en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni, skal viðkomandi landfræðileg eining vera vel skilgreind. Aðildarríkin geta komið á reglum varðandi notkun þessara landfræðilegu eininga. Að minnsta kosti 85% þrúgnanna sem vínið er framleitt úr skulu vera upprunnar í viðkomandi minni landfræðilegri einingu. Þetta gildir ekki um:

a) það afurðamagn sem notað er til sætunar, í „expedition-líkjör“ eða „tirage-líkjör“ eða

b) það afurðamagn sem um getur í e- og f-lið 3. liðar XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

Þau 15% þrúgnanna sem eftir eru skulu vera upprunnin á hinu afmarkaða landfræðilega svæði viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar.“

8. Í stað XII. viðauka komi texti I. viðauka við þessa reglugerð.

9. Í stað XV. viðauka komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.
10. Í stað fyrsta og annars undirliðar b-liðar 4. liðar í XVII. viðauka komi eftirfarandi:
„— Tokaj,
— Vinohradnícka oblast Tokaj“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. ágúst 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

„XII. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR HEFÐBUNDIN HEITI EINS OG UM GETUR Í 40. GR.

Hefðbundin heiti	Tungumál	Vín ⁽¹⁾	Samantekt á skilgreiningum/notkunarskilyrðum ⁽²⁾	Hlutaðeigandi þriðju lönd
------------------	----------	--------------------	---	---------------------------

A-hluti: **Hefðbundin heiti eins og um getur í a-lið 1. mgr. 118. gr. u í reglugerð (EB) nr. 1234/2007**

BELGÍA

Appellation d'origine contrôlée	Franska	(VUT) (1, 4)	Hefðbundin heiti sem notuð eru í stað „verndaðrar upprunatáknunar“	
Gecontroleerde oorsprongsbenaming	Hollenska	(VUT) (1, 4)		
Landwijn	Hollenska	(VLM) (1)	Hefðbundin heiti sem notuð eru í stað „verndaðrar, landfræðilegrar merkingar“	
Vin de pays	Franska	(VLM) (1)		

BÚLGARÍA

Гарантирано наименование за произход (ГНП) (<i>guaranteed designation of origin</i>)	Búlgarska	(VUT) (1, 3, 4)	Hefðbundin heiti sem notuð eru í stað „verndaðrar upprunatáknunar“ eða „verndaðrar, landfræðilegrar merkingar“ 14.4.2000	
Гарантирано и контролирано наименование за произход (ГКНП) (<i>guaranteed and controlled designation of origin</i>)	Búlgarska	(VUT) (1, 3, 4)		
Благородно сладко вино (БСВ) (<i>noble sweet wine</i>)	Búlgarska	(VUT) (3)		
Регионално вино (<i>Regional wine</i>)	Búlgarska	(VLM) (1, 3, 4)		

TÉKKLAND

Jakostní šumivé víno stanovené oblasti	Tékkneska	(VUT) (4)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælastoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á tilgreindri vénekrú á viðkomandi svæði; framleiðsla á víni, sem notað er við gerð gæðafreyðivína sem framleidd eru í tilgreindu héraði, fer fram á vinnræktarsvæðinu, á viðkomandi svæði er framleiðsla ekki umfram afkastur á hektara; vínið uppfyllir gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfni.
Jakostní víno	Tékkneska	(VUT) (1)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælastoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á tilgreindri vénekrú á viðkomandi svæði; afkastur á hektara var ekki aukinn, þrúgurnar, sem vínið er framleitt úr, eru með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 15 °NM; uppskera þrúgna og vinnframleiðsla, að undanskilinni átöppun, fór fram á viðkomandi vinnræktarsvæði, vínið uppfyllir gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfni.
Jakostní víno odrůdové	Tékkneska	(VUT) (1)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælastoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum, mauki, vinnmusti, víni sem er framleitt úr þrúgum sem tíndar eru á tiltekinni vénekrú eða með því að blanda saman gæðavinum, í mesta lagi þremur tegundum.
Jakostní víno známkové	Tékkneska	(VUT) (1)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælastoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum, mauki, vinnmusti og mögulega úr víni sem er framleitt úr þrúgum sem tíndar eru á tiltekinni vénekrú.
Jakostní víno s přívlastkem, <i>að viðbættu</i> Kabinetní víno – Pozdní sběr – Výběr z hroznů – Výběr z bobulí – Výběr z cibéb – Ledové víno – Slámové víno	Tékkneska	(VUT) (1)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælastoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum, mauki eða vinnmusti, mögulega úr víni sem er framleitt úr þrúgum sem tíndar eru á tiltekinni vénekrú á viðkomandi svæði eða svæðishluta; framleiðslan þar var ekki umfram afkastur á hektara; vínið er framleitt úr þrúgum sem skoðunaryfirvöld hafa staðfest með tilliti til uppruna, sykurinnihalds og þyngdar og, ef þörf krefur, yrkis eða blöndunar yrkja, eða sýkingar af völdum grámyglusveppsins Botrytis cinerea P. í formi eðalmyglu og uppfyllir kröfurnar um tiltekin gæðavin með tiltekna eiginleika, eða vínið er framleitt með því að blanda saman gæðavinum með tiltekna eiginleika; vínið uppfyllir gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfni, skoðunaryfirvöld flokkuðu vínið sem gæðavin með einn af eftirfarandi eiginleikum: – „Kabinetní víno“ má eingöngu framleiða úr þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 19 °NM, – „Pozdní sběr“ má eingöngu framleiða úr þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 21 °NM, – „Výběr z hroznů“ má eingöngu framleiða úr þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 24 °NM, – „Výběr z bobulí“ má eingöngu framleiða úr völdum þrúgum sem eru með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 27 °NM, – „Výběr z cibéb“ má eingöngu framleiða úr völdum þrúgum sem hafa orðið fyrir áhrifum af eðalmyglu, eða úr ofþroskuðum þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 32 °NM, – „Ledové víno“ má eingöngu framleiða úr þrúgum sem tíndar eru við -7 °C eða lægra hitastig og sem hafa haldist frosnar við tínslu og vinnslu og sykurinnihald vinnustsins sem fæst verður að vera a.m.k. 27 °NM, – „Slámové víno“ má eingöngu framleiða úr þrúgum sem fyrir vinnslu eru geymdar á hálsi eða reyr og látnar hanga í loftræstu herbergi, ef þörf krefur, í a.m.k. þrjá mánuði og mustið sem fæst verður að vera með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 27 °NM.

Pozdní sběr	Tékkneska	(VUT) (1)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælskoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á tilgreindri vínekrum á viðkomandi svæði; afrakstur á hektara var ekki aukinn, sykurinnihald þrúgnanna sem vinið er framleitt úr nam a.m.k. 21 °NM; uppskera þrúgna og vínframleiðsla, að undanskilinni átöppun, fór fram á viðkomandi vínræktarsvæði, vinið uppfyllir gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfni.
Víno s přívlastkem, <i>að viðbættu</i> : – Kabinetní víno – Pozdní sběr – Výběr z hroznů – Výběr z bobulí – Výběr z cibéb – Ledové víno – Slámové víno	Tékkneska	(VUT) (1)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælskoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum, mauki eða vínmusti, mögulega úr vini sem er framleitt úr þrúgum sem tíndar eru á tiltekinni vínekrum á viðkomandi svæði eða svæðishluta; framleiðslan þar var ekki umfram afrakstur á hektara; vinið er framleitt úr þrúgum sem skoðunaryfirvöld hafa staðfest með tilliti til uppruna, sykurinnihalds og þyngdar og, ef þörf krefur, yrkis eða blöndunar yrkja, eða sýkingar af völdum grámyglusveppsins Botrytis cinerea P. í formi eðalmyglu og uppfyllir kröfurnar um tiltekin gæðavín með tiltekna eiginleika, eða vinið er framleitt með því að blanda saman gæðavínum með tiltekna eiginleika; vinið uppfyllir gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfni, skoðunaryfirvöld flokkuðu vinið sem gæðavín með einn af eftirfarandi eiginleikum: – „Kabinetní víno“ má eingöngu framleiða úr þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 19 °NM, – „Pozdní sběr“ má eingöngu framleiða úr þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 21 °NM, – „Výběr z hroznů“ má eingöngu framleiða úr þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 24 °NM, – „Výběr z bobulí“ má eingöngu framleiða úr völdum þrúgum sem eru með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 27 °NM, – „Výběr z cibéb“ má eingöngu framleiða úr völdum þrúgum sem hafa orðið fyrir áhrifum af eðalmyglu, eða úr ofþroskuðum þrúgum með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 32 °NM, – „Ledové víno“ má eingöngu framleiða úr þrúgum sem tíndar eru við -7°C eða lægra hitastig og sem hafa haldist frosnar við tínslu og vinnslu og sykurinnihald vínmustsins sem fæst verður að vera a.m.k. 27 °NM, – „Slámové víno“ má eingöngu framleiða úr þrúgum sem fyrir vinnslu eru geymdar á hálm eða reyr og látnar hanga í loftræstu herbergi, ef þörf krefur, í a.m.k. þrjá mánuði og mustið sem fæst verður að vera með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 27 °NM.
Jakostní likérové víno	Tékkneska	(VUT) (3)	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælskoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á viðkomandi vínekrum í tilgreindu héraði, framleiðslan þar var ekki umfram afrakstur á hektara; framleiðslan fór fram í tilgreinda vínræktarhéraðinu þar sem þrúgurnar voru tíndar, vinið uppfyllir gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfni.
Zemské víno	Tékkneska	(VLM) (1)	Vín sem er framleitt úr þrúgum, sem eru tíndar á yfirráðasvæði Tékklands, sem henta til framleiðslu á gæðavíni í tilgreinda héraðinu, eða úr yrkjum sem eru á skránni yfir yrki í framkvæmdarlöggjöfni; vinið má einungis merkja með landfræðilegu merkingunni sem kveðið er á um í framkvæmdarlöggjöfni; til að framleiða vinið með landfræðilegu merkingunni má eingöngu nota þrúgur sem eru með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 14 °NM og sem eru tíndar í landfræðileg einingunni, vinið er með landfræðilega merkingu í samræmi við þessa málsgrein og uppfyllir gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfni; notkun á heiti annarra landfræðilegra eininga en kveðið er á um í framkvæmdarlöggjöfni er bönnuð.

Víno originální certifikace (VOC eða V.O.C.)	Tékkneska	(VUT) (1)	Vínið skal framleitt innan vínræktarsvæðisins eða á minna svæði; framleiðandinn skal vera meðlimur samtakanna sem hafa heimild til að veita víni með upprunalega vottun tákunnina í samræmi við löggjöfina; vínið uppfyllir a.m.k. gæðakröfurnar um gæðavin í samræmi við þessa löggjöf og samræmist skilyrðunum sem sett eru í ákvörðuninni um heimild til að veita víninu tákunnina samkvæmt upprunalegri vottun; þar að auki skal vínið uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari löggjöf að því er varðar tiltekna vintegundir.
DANMÖRK			
Regional vin	Danska	(VLM) (1, 3, 4)	Vín eða freyðivin sem eru framleidd í Danmörku í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í landslöggjöf. „Regional vine“ hefur gengist undir mat með skynmatsprófun og greiningu. Eðli þess og einkenni ráðast að hluta til af framleiðslusvæðinu, að hluta til af þrúgunum sem notaðar eru og að hluta til af færni framleiðandans og vínræktarmannsins.
ÞÝSKALAND			
Prädikatswein (Qualitätswein mit Prädikat (*)), að viðbættu: – Kabinett – Spätlese – Auslese – Beerenauslese – Trockenbeerenauslese – Eiswein	Þýska	(VUT) (1)	Heildarflokkur vína með sérstaka eiginleika sem hafa náð tiltekinni lágmarksmostþyngd og sem eru ekki auðguð (sykri er ekki bætt í ógerjað mustið til að auka alkóhólinnihald og þrúgumustsþykkni er ekki bætt við), að viðbættri einhverri af efturfarandi merkingum: – (Kabinett): Lægsti gæðaflokkur gæðavína með sérstaka eiginleika (Prädikatsweine), Kabinett-vín eru létt og þunn og eru á bilinu 67 til 85 gráður á Öchsle-skalanum, háð þrúguyrki og héraði, – (Spätlese): Gæðavin með sérstaka eiginleika með mostþyngd sem er á bilinu 76 til 95 gráður á Öchsle-skalanum, háð þrúguyrki og héraði; þrúgurnar skulu tíndar seint og vera fullþroskaðar; Spätlese-vín eru mjög bragðmikil (ekki endilega sæt), – (Auslese): Framleitt úr sérvöldum, fullþroskuðum þrúgum sem geta verið þéttar af völdum Botrytis cinerea og mostþyngdin er á bilinu 85 til 100 gráður á Öchsle-skalanum, háð þrúguyrki og héraði, – (Beerenauslese): Framleitt úr sérvöldum, fullþroskuðum þrúgum með mikið sykurinnihald vegna áhrifa frá Botrytis cinerea (eðalmyglu), sem eru að mestu leyti tíndar eftir venjulega uppskerutímum. Mostþyngd skal vera á bilinu 110 til 125 gráður á Öchsle-skalanum, háð þrúguyrki og héraði, og vín af þessari gerð eru afar sæt og geymast lengi, – (Trockenbeerenauslese): Hæsti gæðaflokkur gæðavína með sérstaka eiginleika (Prädikatswein) þar sem mostþyngdin er yfir 150 gráður á Öchsle-skalanum. Vín í þessum flokki eru framleidd úr vandlega völdum, ofþroskuðum þrúgum sem safinn úr hefur þykknað vegna Botrytis cinerea (eðalmyglu). Þrúgurnar eru skorpnar eins og rúsínur. Vín sem þannig verður til er mjög sætt og með lágt alkóhólinnihald, – (Eiswein): Eiswein skal framleitt úr þrúgum sem tíndar eru við hörkufrost þar sem hitastigið er lægra en -7 gráður á selsíus og pressaðar meðan þær eru frosnar; afraksturinn er einstakt vín af afburðagæðum með mikið sykur- og síruinnihald.
Qualitätswein, einnig með viðbættu b.A. (Qualitätswein bestimmter Anbauebiete)	Þýska	(VUT) (1)	Gæðavin frá skilgreindum héruðum, sem hefur staðist greiningar- og skynmatsprófun og uppfyllir skilyrðin um þroska þrúgnanna (mostþyngd/gráður á Öchsle-skala).
Qualitätslikörwein, einnig með viðbættu b.A. (Qualitätslikörwein bestimmter Anbauebiete) (**)	Þýska	(VUT) (3)	Gæðalíkjörvin frá skilgreindum héruðum, sem hefur staðist greiningar- og skynmatsprófun og uppfyllir skilyrðin um þroska þrúgnanna (mostþyngd/gráður á Öchsle-skala).

Qualitätsperlwein, <i>einnig með viðbættu</i> b.A.(Qualitätsperlwein bestimmter Anbaugebiete) (**)	Þýska	(VUT) (8)	Gæðafreyðivín frá skilgreindum héruðum, sem hefur staðist greiningar- og skynmatspröfun og uppfyllir skilyrðin um þroska þrúgnanna (mustþyngd/gráður á Öchsle-skala).
Sekt b.A. (Sekt bestimmter Anbaugebiete) (**)	Þýska	(VUT) (4)	Gæðafreyðivín frá skilgreindum héruðum.
Landwein	Þýska	(VLM) (1)	Hágæðavín vegna eilítið meiri mustþyngdar.
Winzersekt (**)	Þýska	(VUT) (1)	Gæðafreyðivín, framleitt í tilgreindum vínræktarhéruðum úr þrúgum sem eru tíndar hjá því vínræktarfyrirtæki þar sem framleiðandinn vinnur úr þrúgunum vín, sem ætluð eru til framleiðslu á gæðafreyðivíninum sem eru framleidd á sérstöku vínræktarsvæði; þetta gildir einnig um hópa framleiðenda.

(*) Heimilt er að nota heitið „Qualitätswein mit Prädikat“ á umbreytingartímabili sem rennur út 31.12.2010.

(**) Ekki er krafist verndar fyrir heitin „Sekt“, „Likörwein“ og „Perlwein“.

GRIKKLAND

Ονομασία Προέλευσης Ανωτέρας Ποιότητας (ΟΠΑΠ) <i>(appellation d'origine de qualité supérieure)</i>	Gríska	(VUT) (1, 3, 4, 15, 16)	Heiti héraðs eða tiltekins staðar, sem hlotið hefur stjórnsýslulega viðurkenningu, til að lýsa vínun sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: – þau eru framleidd úr þrúgum sem tilheyra fyrsta flokks vínviðaryrkjum af tegundinni Vitis vinifera og eru eingöngu frá þessu landsvæði og framleiðsla þeirra fer fram á þessu svæði, – þau eru framleidd úr þrúgum frá vínkrum þar sem afrakstur á hektara er lítill, – gæði þeirra og einkenni má í grundvallaratriðum eða eingöngu rekja til tiltekins landfræðilegs umhverfis með eðlislægum náttúrulegum og mannlegum þáttum sínum. (L.D. 243/1969 og L.D. 427/76 um umbætur og verndun vínframleiðslu)
Ονομασία Προέλευσης Ελεγχόμενη (ΟΠΕ) <i>(appellation d'origine contrôlée)</i>	Gríska	(VUT) (3, 15)	Vín í þessum flokki skulu uppfylla eftirfarandi kröfur, auk ófrávikjanlegra krafna sem gilda um merkinguna „appellation d'origine de qualité supérieure“: – þau skulu framleidd úr þrúgum frá fyrsta flokks vínkrum þar sem afrakstur á hektara er lítill og ræktun fer fram í jarðvegi sem hentar til framleiðslu á gæðavínunum, – þau skulu uppfylla tilteknar kröfur varðandi skipulagningu á kvistun vínviðar á vínkrunum og lágmarks sykurinnihald í musti. (L.D. 243/1969 og L.D. 427/76 um umbætur og verndun vínframleiðslu)
Οίνος γλυκός φυσικός <i>(vin doux naturel)</i>	Gríska	(VUT) (3)	Vín sem tilheyra flokknum „appellation d'origine contrôlée“ eða „appellation d'origine de qualité supérieure“ og uppfylla þar að auki eftirfarandi kröfur: – þau eru framleidd úr þrúgumusti sem er með upphaflegan styrk náttúrulegs alkóhóls sem er ekki minni en 12% miðað við rúmmál, – raunverulegur alkóhólstyrkleiki þeirra er ekki minni en 15% og ekki meiri en 22% miðað við rúmmál, – heildaralkóhólstyrkleiki þeirra er ekki minni en 17,5% miðað við rúmmál. (L.D. 212/1982 um skráningu vína með upprunatáknunina „Samos“)

Οίνος φυσικός γλυκός (<i>vin naturellement doux</i>)	Gríska	(VUT) (3, 15, 16)	Vín sem tilheyrir flokknum „ <i>appellation d'origine contrôlée</i> “ eða „ <i>appellation d'origine de qualité supérieure</i> “ og uppfylla þar að auki eftirfarandi kröfur: – þau eru framleidd úr þrúgum sem láttnar eru standa í sólarljósi eða skugga, – þau eru framleidd án auðgunar, – styrkur náttúrulegs alkóhóls þeirra er a.m.k. 17% miðað við rúmmál (eða 300 grömm af sykri á lítra). (L.D. 212/1982 um skráningu vína með upprunatáknunina „Samos“)	
ονομασία κατά παράδοσήα (<i>appellation traditionnelle</i>)	Gríska	(VLM) (1)	Vín sem eru eingöngu framleidd á landfræðilegu yfirráðasvæði Grikklands og uppfylla þar að auki eftirfarandi kröfur: – vín með hefðbundna heitið „Retsina“ skulu framleidd úr þrúgumusti sem er meðhöndlað með resíni úr aleppófuru og – vín með hefðbundna heitið „Verntea“ skulu framleidd úr þrúgum frá vénekrum á eyinni Zakynthos og skulu uppfylla ákveðin skilyrði varðandi þau þrúguyrki sem eru notuð, aftakstur á hektara á vénekrum og sykurrinnihald þrúgumustsins. (P.D. 514/1979 um framleiðslu, eftirlit með og verndun vína sem innihalda resín og M.D. 397779/92 um skilgreiningu krafna varðandi notkun merkingarinnar „Verntea Traditional Designation of Zakynthos“)	
τοπικός οίνος (<i>vin de pays</i>)	Gríska	(VLM) (1, 3, 4, 11, 15, 16)	Merking sem vísar til héraðs eða tiltekins staðar, sem hlotið hefur stjórnsýslulega viðurkenningu, til að lýsa vínnum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: – þau búa yfir sérstökum gæðum, orðspori eða öðrum einkennum sem rekja má til uppruna þeirra, – a.m.k. 85% þrúgnanna sem notaðar eru til framleiðslu þeirra skulu eingöngu koma frá þessu landfræðilega svæði og framleiðsla þeirra skal fara fram á þessu landfræðilega svæði, – þau skulu framleidd úr vínviðaryrkjum sem eru flokkuð á tiltekna svæðinu, – þau eru framleidd úr þrúgum frá vénekrum þar sem jarðvegurinn hentar til vinnræktar með litlum afköstum á hektara, – náttúrulegur og raunverulegur alkóhólstyrkleiki er skilgreindur fyrir hvert vín. (C.M.D. 392169/1999 Almennar reglur um notkun merkingarinnar „Regional Wine“ til að lýsa borðvíni, eins og þeim var breytt með C.M.D. 321813/2007).	

SPÁNN

Denominación de origen (DO)	Spænska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Heiti héraðs, svæðis, staðar eða afmarkaðs svæðis sem hlotið hefur stjórnsýslulega viðurkenningu til að lýsa vínnum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: – þau skulu framleidd í héraðinu eða á svæðinu, staðnum eða afmarkaða svæðinu úr þrúgum sem eru þaðan, – þau skulu njóta góðs orðstírs í viðskiptum vegna uppruna síns og – gæði þeirra og einkenni má í grundvallaratriðum eða eingöngu rekja til landfræðilegs umhverfis sem felur í sér bæði náttúrulega og mannlega þætti. (Lög 24/2003 um vínvið og vín; önnur lagaskilyrði eru sett fram í áður nefndum lögum og í annarri löggjöf)	Síle
Denominación de origen calificada (DOCa)	Spænska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Vín í flokknum „denominacion de origen calificada“ skulu uppfylla eftirfarandi kröfur, auk ófrávikjanlegra krafna sem gilda um merkinguna „denominación de origen“: – a.m.k. tíu ár skulu hafa liðið frá því að þau hlutu viðurkenningu sem „denominacion de origen“, – vernduðu afurðirnar sem settar eru á markað skulu eingöngu átappaðar í vingerðum sem eru skráðar og staðsettar á afmarkaða landsvæðinu og – hvert sveitarfélag skal afmarka á korti það svæði sem talið er henta til framleiðslu vína sem eiga rétt á að bera viðkomandi upprunaheiti. (Lög 24/2003 um vínvið og vín; önnur lagaskilyrði eru sett fram í áður nefndum lögum og í annarri löggjöf)	

Vino de calidad con indicación geográfica	Spænska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Vín sem er framleitt í héraði eða á svæði, stað eða afmörkuðu svæði, úr þrúgum sem upprunnar eru á því landsvæði, þar sem gæði þess, orðspor eða einkenni má rekja til landfræðilegra eða mannlegra þátta eða beggja, hvort sem um er að ræða ræktun þrúgnanna, framleiðslu vínsins eða þroskun þess. Þessi vín eru merkt „vino de calidad de“ og þar á eftir kemur heiti héraðsins, svæðisins, staðarins eða afmarkaða svæðisins þar sem þau eru framleidd. (Lög 24/2003 um vínvið og vín; önnur lagaskilyrði eru sett fram í áður nefndum lögum og í annarri löggjöf)
Vino de pago	Spænska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Vísar til staðar eða sveitar þar sem tiltekni eiginleikar jarðvegs og nærviðri veita svæðinu sérstöðu og greina það frá nærliggjandi umhverfi sínu og svæðið er þekkt undir heiti sem á hefðbundinn og almennt þekktan hátt tengist ræktun þrúgna sem notaðar eru í vín með sérstök einkenni og gæði og hámarks umfang svæðisins er takmarkað með reglum sem lögbær stjórnvöld setja í samræmi við einkenni hvers héraðs. Svæðið má ekki vera jafnstórt eða stærra en nokkuð sveitarfélaganna á hvers yfirráðasvæði eða -svæðum, ef þau eru fleiri en eitt, það er staðsett. Tenging við ræktun þrúgna telst vera til staðar og almennt þekkt þegar „pago“ heitið hefur verið almennt notað í viðskiptum til að tilgreina vín frá svæðinu í a.m.k. fimm ár. Allar þrúgur sem nota skal til framleiðslu á „vino de pago“ skulu koma frá vénekrum sem staðsettar eru í viðkomandi „pago“ og vínið skal framleitt, geymt og, þegar við á, þroskað aðskilið frá öðrum vínunum. (Lög 24/2003 um vínvið og vín; aðrar kröfur eru settar fram í áður nefndum lögum og í annarri löggjöf)
Vino de pago calificado	Spænska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Ef „pago“ er í heild sinni staðsett innan gildissvæðis viðurkennds upprunaheitis má merkja vínið „vino de pago calificado“ og vínið sem þar er framleitt skal alltaf merkt „de pago calificado“ ef það uppfyllir kröfurnar sem gilda um vín með viðurkennda upprunaheitið og er skráð þar. (Lög 24/2003 um vínvið og vín; önnur lagaskilyrði eru sett fram í áður nefndum lögum og í annarri löggjöf)
Vino de la tierra	Spænska	(VLM) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Kröfur um notkun hefðbundna heitisins „vino de la tierra“ ásamt landfræðilegri merkingu: <ol style="list-style-type: none"> Við setningu reglna um landfræðilegar merkingar afurða, eins og um getur í 1. gr., skal taka tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta: <ol style="list-style-type: none"> vínflokksins eða -flokka, sem heitið gildir um, heitis landfræðilegu merkingarinnar sem á að nota, nákvæmra svæðamarka landsvæðisins, upplýsinga um þrúguyrkin sem á að nota, lágmarksalkóhólinnihalds, miðað við rúmmál, þeirra ólíku vintegunda sem nota má heitið um, mats eða lýsingar á skynmatseinkennum, eftirlitskerfis fyrir vínin, sem opinber aðili eða einkaaðili starfrækir. Heimilt er að nota landfræðilega merkingu til að auðkenna vín, sem eru blöndur vína úr þrúgum sem eru tíndar á ólíkum framleiðslusvæðum, ef a.m.k. 85% vínsins kemur frá því framleiðslusvæði sem það er kennt við. (Lög 24/2003 um vínvið og vín, tilskipun 1126/2003)

Vino dulce natural	Spænska	(VUT) (3)	(Sjötti liður B-hluta III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009)	
Vino Generoso	Spænska	(VUT) (3)	(Áttundi liður B-hluta III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009)	Síle
Vino Generoso de licor	Spænska	(VUT) (3)	(Tíundi liður B-hluta III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009)	

FRAKKLAND

Appellation d'origine contrôlée	Franska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 15, 16)	Heiti staðar, sem notað er til að lýsa afurð sem er upprunnin á þeim stað og gæði hennar eða eiginleika má í grundvallaratriðum eða eingöngu rekja til tiltekins landfræðilegs umhverfis og eðlislægra náttúrulegra og mannlegra þátta þess, afurðin er vel þekkt og framleiðsla hennar er háð framkvæmd gagnkvæms samkomulags, sem felur í sér samþykki hagsmunaaðila, eftirlit með framleiðsluáðstæðum og eftirlit með afurðunum.	Alsír Sviss Túnis
Appellation (...) contrôlée	Franska			
Appellation d'origine vin délimité de qualité supérieure	Franska			
Vin doux naturel	Franska	(VUT) (3)	Stökkbreytt vín, þ.e. alkóhólgerjun þess er stöðvuð með því að bæta við hreinum vínanda úr víni. Þetta ferli miðar að því að auka áfengisinnihald vinsins og varðveita um leið mestan hluta náttúrulegs sykurinnihalds þrúgnanna. Íblöndun vinandans skal fara fram á tilteknu stigi alkóhólgerjunarinnar, háð því hvort viðkomandi „vin doux naturel“, sem á að framleiða, er hvítvín, rauðvín eða rósavín, með eða án lagnar í bleyti.	
Vin de pays	Franska	(VLM) (1, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 15, 16)	Vín með landfræðilegar merkingar sem uppfylla ströng skilyrði varðandi framleiðslu sem mælt er fyrir um með „arrêté“, t.d. hámarksafköst, lágmarksalkóhólinnihald, þrúguyrki og strangar reglur um greiningu.	

ÍTALÍA

Denominazione di origine controllata (D.O.C.)	Ítalska	(VUT)	Með „denominazione di origine controllata“ er átt við landfræðilegt heiti vínæktarsvæðis, þar sem tiltekin framleiðsla fer fram, sem notað er til að lýsa þekktri gæðavöru með einkenni sem má rekja til landfræðilegs umhverfis og mannlegra þátta. Í fyrrnefndum lögum eru strangar reglur um notkun sérstaka hefðbundna heitisins „D.O.C.“ um ítölsk vín, sem undirstrika þá áherslu sem lögð er á eiginlega og hefðbundna þætti. (Lög nr. 164 frá 10.2.1992)	
Kontrollierte Ursprungsbezeichnung	Þýska	(1, 3, 4, 5, 6, 8, 11, 15, 16)		
Kontrolirano poreklo	Slóvenska			

Denominazione di origine controllata e garantita (D.O.C.G.)	Ítalska	(VUT)	Svipar til D.O.C.-skilgreiningarinnar, en inniheldur einnig orðið „garantita“ („ábyrgð“) og er því notað um vín af einkar miklum gæðum sem hafa verið viðurkennd sem D.O.C.-vín í a.m.k. fimm ár. Þau eru sett á markað í ílátum sem ekki rúma meira en 5 lítra og eru merkt með skráningarmerki frá hinu opinbera til að lýsa yfir meiri ábyrgð neytendum til góða. (Lög nr. 164 frá 10.2.1992)
Kontrollierte und garantierte Ursprungsbezeichnung	Þýska	(1, 3, 4, 5, 6, 8, 11, 15, 16)	
Kontrolirano in garantirano poreklo	Slóvenska		
Vino dolce naturale	Ítalska	(VUT) (1, 3, 11, 15)	Hefðbundið heiti sem notað er til að lýsa og merkja tiltekin vín sem unnin eru úr léttþurrkuðum þrúgum og innihalda tiltekið magn af sykurleifum frá þrúgunum án auðgunar. Notkun heitisins er reglufest með tilteknum tilskipunum varðandi mismunandi vín.
Indicazione geografica tipica (IGT)	Ítalska	(VLM)	Heiti sem eingöngu er notað á Ítalíu og sem samkvæmt lögum nr. 164 frá 10. febrúar 1992 er notað sem landfræðileg merking til að lýsa ítölskum vínunum með sérstaka eiginleika og gæði sem rekja má til landfræðilega svæðisins þar sem þrúgunar eru ræktaðar.
Landwein	Þýska	(1, 3, 4, 5, 6, 8, 11, 15, 16)	
Vin de pays	Franska		
Deželna oznaka	Slóvenska		

KÝPUR

Οίνος Ελεγχόμενης Ονομασίας Προέλευσης (ΟΕΟΠ) <i>(Controlled Designation of Origin)</i>	Gríska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Auðkennir vín með VUT K.Δ.Π.403/2005 Αρ.4025/19.8.2005/Ε.Ε. Παρ. ΙΙΙ (Ι) K.Δ.Π.212/2005 Αρ.3896/26.04.2005/Ε.Ε. Παρ.ΙΙΙ (Ι) K.Δ.Π.212/2004 Αρ.3896/26.04.2005/Ε.Ε. Παρ.ΙΙΙ (Ι)
Τοπικός Οίνος <i>(Regional Wine)</i>	Gríska	(VLM) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 11, 15, 16)	Auðkennir vín með VLM K.Δ.Π. 704/2004 Αρ.3895/27.8.2004/Ε.Ε. Παρ. ΙΙΙ(Ι)

LÚXEMBOURG

Crémant de Luxembourg	Franska	(VUT) (4)	(Reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 4. janúar 1991) Helstu kröfur varðandi framleiðslu eru eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> – þrúgunar skulu handtíndar og sérvaldar til framleiðslu á Crémant, – vínlögun grunnvína skal uppfylla gæðakröfur sem gilda um gæðavin, – vínið skal framleitt úr musti, sem fengið er með pressun heilla þrúgna, þegar um er að ræða hvít eða rósafrøyðivín, mustið sem fæst skal þó ekki vera meira en 100 l úr hverjum 150 kg af þrúgum, – það skal gerjað á flöskum með hefðbundinni aðferð, – hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs skal ekki vera meira en 150 mg/l, – lágmarksþrýstingur koltvísýrings skal ekki vera minni en 4 loftþyngdir við 20 °C, – sykurinnihald skal vera minna en 50 g/l,
-----------------------	---------	--------------	--

Marque nationale, að viðbættu: – appellation contrôlée – appellation d'origine contrôlée	Franska	(VUT) (1, 4)	(Vín): Merkið „Marque nationale“ (landsbundið gæðamerki) fyrir vín með heitið „Moselle luxembourgeoise“ varð til með reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 12. mars 1935. Með áletruninni „Marque nationale — appellation contrôlée“ á réttthyrnda miðanum sem festur er aftan á flöskuna er vottað að framleiðsla og gæði vinsins lúti eftirliti ríkisins. „Bureau de la Marque nationale“ gefur merkið út. Aðeins vín af lúxemborgiskum uppruna, sem ekki hefur verið blandað saman við útlend vín og sem uppfylla landsbundnar kröfur og kröfur Evrópusambandsins, mega bera þetta merki. Vín sem bera merkið skulu aðeins sett á markað í flöskum og þrúgurarnar skulu hafa verið tíndar og breytt í vín eingöngu á innlendu framleiðslusvæði. Vínin eru kerfisbundið rannsökuð með greiningar- og skynmatsprófun. (Freyðivín): Merkið „Marque nationale“ fyrir lúxemborgisk freyðivín varð til með reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 18. mars 1988, og vottar: <ul style="list-style-type: none"> – að freyðivínið hafi verið unnið eingöngu úr vínnum sem henta til framleiðslu á gæðavinum frá „Moselle luxembourgeoise“, – að það uppfylli gæðaviðmiðanir sem mælt er fyrir um í landsbundnum reglugerðum og reglugerðum Evrópubandalagsins, – að það lúti eftirliti ríkisins. 	
UNGVERJALAND				
Minőségi bor	Ungverska	(VUT) (1)	Merkir „gæðavin“ og auðkennir vín með verndaða upprunatáknun	
Védett eredetű bor	Ungverska	(VUT) (1)	Auðkennir vín með verndaða upprunatáknun	
Tájbor	Ungverska	(VLM) (1)	Merkir „sveitavin“ og auðkennir vín með verndaða, landfræðilega merkingu.	
MALTA				
Denominazzjoni ta' Origini Kontrollata (D.O.K.)	Malteska	(VUT) (1)	(Stjórnartíðindi nr. 17965 frá 5. september 2006)	
Indikazzjoni Geografika Tipika (I.G.T.)	Malteska	(VLM) (1)	(Stjórnartíðindi nr. 17965 frá 5. september 2006)	
HOLLAND				
Landwijn	Hollenska	(VLM) (1)	Þrúgurarnar í vínið eru tíndar og vínið framleitt á hollensku yfirráðasvæði. Tilgreina má heiti sýslunnar, þar sem þrúgurarnar eru tíndar, á merkimiðanum. Náttúrulegt alkóhólinnihald vinsins skal vera að lágmarki 6,5% miðað við rúmmál. Einungis má nota þrúguyrki, sem eru skráð í landsskrá, til framleiðslu á þessu víni í Hollandi.	

AUSTURRÍKI

Districtus Austriae Controllatus (DAC)	Latína	(VUT) (1)	Svæðisnefnd skal setja skilyrði varðandi þessi gæðavin (t.d. að því er varðar yrki, bragð og alkóhólinnihald).
PPrädikatswein, einnig með viðbættu: <ul style="list-style-type: none"> – Ausbruch/Ausbruchwein – Auslese/Auslesewein – Beerenauslese/Beerenauslesewein – Kabinett/Kabinettwein – Schilfwein – Spätlese/Spätlesewein – Strohwein – Trockenbeerenauslese – Eiswein 	Þýska	(VUT) (1)	Þessi vín eru gæðavin og eru að mestu leyti skilgreind út frá náttúrulegu sykurinnihaldi þrúgnanna og skilyrðum við uppskeru. Hvers konar auðgun og sætun er óheimil. Ausbruch/Ausbruchwein: Úr ofþroskuðum og Botrytis -sýktum þrúgum með sykurinnihald sem nemur að lágmarki 27 °Klosterneuburger Mostwaage-gráðum (KMW); hægt er að bæta við fersku musti eða víni til að fá betri sykurútdrátt. Auslese/Auslesewein: Úr sérvöldum þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur að lágmarki 21 °KMW. Beerenauslese/Beerenauslesewein: Úr ofþroskuðum og/eða Botrytis-sýktum, völdum þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur að lágmarki 25 °KMW. Kabinett/Kabinettwein: Úr fullþroskuðum þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur að lágmarki 17 °KMW. Schilfwein, Strohwein: Þrúgurnar skulu geymdar og þurrkaðar á náttúrulegan hátt á reyr eða hálm í a.m.k. 3 mánuði áður en pressun fer fram og sykurinnihald skal vera að lágmarki 25 °KMW. Spätlese/Spätlesewein: Úr fullþroskuðum þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur að lágmarki 19 °KMW. Trockenbeerenauslese: Þrúgurnar skulu mestmegnis vera Botrytis-sýktar og þurrkaðar á náttúrulegan hátt, með sykurinnihald sem nemur að lágmarki 30 °KMW. Eiswein: Þrúgurnar skulu vera frosnar á náttúrulegan hátt meðan á tínslu og pressun stendur og hafa sykurinnihald sem nemur að lágmarki 25 °KMW.
Qualitätswein besonderer Reife und Leseart, einnig með viðbættu: <ul style="list-style-type: none"> – Ausbruch/Ausbruchwein – Auslese/Auslesewein – Beerenauslese/Beerenauslesewein – Kabinett/Kabinettwein – Schilfwein – Spätlese/Spätlesewein – Strohwein – Trockenbeerenauslese – Eiswein 			
Qualitätswein	Þýska	(VUT) (1)	Úr fullþroskuðum þrúgum og tilteknum yrkjum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur að lágmarki 15 °KMW og hámarksafrakstur er 6750 l á hektara. Slíkt vín má eingöngu selja með eftirlitsnúmeri fyrir gæðavin.
Qualitätswein mit staatlicher Prüfnummer			
Landwein	Þýska	(VLM) (1)	Úr fullþroskuðum þrúgum og tilteknum yrkjum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur að lágmarki 14 °KMW og hámarksafrakstur er 6750 l á hektara.

PORTÚGAL

Denominação de origem (D.O.)	Portúgalska	(VUT) (1, 3, 4, 8)	Landfræðilegt heiti héraðs eða tiltekins staðar eða hefðbundið heiti, hvort sem það tengist landfræðilegum uppruna eða ekki, sem notað er til að lýsa eða auðkenna afurð, sem er framleidd úr þrúgum frá viðkomandi héraði eða tilteknum stað og gæði eða einkenni afurðarinnar má í grundvallaratriðum eða eingöngu rekja til tiltekins landfræðilegs umhverfis með eðlislægum náttúrulegum og mannlegum þáttum þess og framleiðslan fer fram á viðkomandi svæði eða landsvæði. (Decreto-Lei no 212/2004, frá 23.8.2004)
------------------------------	-------------	-----------------------	--

Denominação de origem controlada (D.O.C.)	Portúgalska	(VUT) (1, 3, 4, 8)	Merkingar afurða úr víngeiranum sem mega bera upprunatakun geta falið í sér eftirfarandi upplýsingar: „Denominação de Origem Controlada“ eða „DOC“. (Decreto-Lei no 212/2004, frá 23.8.2004)
Indicação de proveniência regulamentada (I.P.R.)	Portúgalska	(VUT) (1, 3, 4, 8)	Heiti lands eða héraðs eða tiltekins staðar, eða hefðbundið heiti, hvort sem það tengist landfræðilegum uppruna eða ekki, sem notað er til að lýsa eða auðkenna vínaferð sem er a.m.k. sem nemur 85% úr þrúgum sem tíndar eru á viðkomandi svæði þegar um er að ræða tiltekinn stað eða hérað og orðspor og sérstök gæði og önnur einkenni afurðarinnar má rekja til landfræðilega upprunans og framleiðsla hennar fer fram á viðkomandi afmörkuðu landsvæði eða héraði. (Decreto-Lei no 212/2004, frá 23.8.2004)
Vinho doce natural	Portúgalska	(VUT) (3)	Vín með mikið sykurinnihald, framleitt úr þrúgum sem eru tíndar seint eða verða fyrir áhrifum af eðalmyglu. (Portaria no 166/1986, frá 26.6.1986)
Vinho generoso	Portúgalska	(VUT) (3)	Líkjörvín sem hefðbundið er að framleiða á afmörkuðu svæðunum Douro, Madeira, Setúbal og Carcavelos og bera, eftir því sem við á, heitið „púrtvín“ eða „Porto“, eða þýðingu á því heiti á öðrum tungumálum, „madeiravín“ eða „Madeira“, eða þýðingu á því heiti á öðrum tungumálum, „Moscatel de Setúbal“ eða „Setúbal“ og „Carcavelos“. (Decreto-Lei no 166/1986, frá 26.6.1986)
Vinho regional	Portúgalska	(VLM) (1)	Merkingar afurða úr víngeiranum sem mega bera landfræðilega merkingu geta innihaldið eftirfarandi upplýsingar: „Vinho Regional“ eða „Vinho da Região de“. (Decreto-Lei no 212/2004, frá 23.8.2004)

RÚMENÍA

Vin cu denumire de origine controlată (D.O.C.), að viðbættu: – Cules la maturitate deplină – C.M.D. – Cules târziu – C.T. – Cules la înobilirea boabelor – C.I.B.	Rúmenska	(VUT) (1, 3, 8, 15, 16)	Vín með upprunatakun eru vín sem eru framleidd úr þrúgum frá afmörkuðum svæðum sem einkennast af ákjósanlegu loftslagi, jarðvegi og staðsetningu sem stuðlar að gæðum uppskerunnar og þau skulu uppfylla eftirfarandi kröfur: a) þrúgurnar sem vínið er framleitt úr koma eingöngu frá viðkomandi afmörkuðu landsvæði, b) vínið er framleitt á viðkomandi landfræðilegu svæði, c) gæði og einkenni vinsins má í grundvallaratriðum eða eingöngu rekja til tiltekins landfræðilegs umhverfis með eðlislægum náttúruþáttum og mannlegum þáttum, d) vínið er framleitt úr vínviðaryrkjum af tegundinni Vitis vinifera. Vín sem bera upprunatakun skulu flokkuð á eftirfarandi hátt, háð þroskun þrúgnanna og gæðaeinkennum við uppskeru: a) DOC — CMD — vín með upprunatakun, framleitt úr þrúgum sem tíndar eru fullþroskaðar, b) DOC — CT — vín með upprunatakun, framleitt úr þrúgum sem tíndar eru seint, DOC — CIB — vín með upprunatakun, framleitt úr þrúgum sem hafa orðið fyrir áhrifum af eðalmyglu.
Vin spumant cu denumire de origine controlată (D.O.C.)	Rúmenska	(VUT) (5, 6)	Freyðivín með verndaða upprunatakun eru framleidd úr yrkjum sem ráðlagt er að nota í þessari tegund framleiðslu og eru ræktuð á afmörkuðum vínekrum þar sem vínið er framleitt sem hráefni og öll vinnsla þess fer fram á viðkomandi afmörkuðu svæði þar til það er sett á markað.

Vin cu indicație geografică	Rúmenska	(VLM) (1, 4, 9, 15, 16)	Vín með landfræðilega merkingu eru framleidd úr þrúgum sem tíndar eru á tilteknum vínekrum á afmörkuðum svæðum og þau skulu uppfylla eftirfarandi kröfur: a) búa yfir sérstökum gæðum, orðspori eða einkennum sem rekja má til viðkomandi landfræðilegs uppruna, b) a.m.k. 85% af þrúgunum sem notaðar eru til framleiðslu vínsins koma eingöngu frá þessu landfræðilega svæði, c) framleiðsla vínsins fer fram á þessu landfræðilega svæði, d) vínin fást af vínviðaryrkjum sem tilheyra tegundinni Vitis vinifera eða verða til með kynblöndun Vitis vinifera og annarra tegunda af ættkvíslinni Vitis. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki vínsins skal vera að lágmarki 9,5% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín sem framleidd eru á vínræktarsvæði B og a.m.k. 10,0% miðað við rúmmál þegar um er ræða vín sem framleidd eru á vínræktarsvæðum CI og CII. Heildaralkóhólstyrkleiki skal ekki vera meiri en 15% miðað við rúmmál.
SLÓVENÍA			
Kakovostno vino z zaščitenim geografskim poreklom (kakovostno vino ZGP), einnig með viðbættu Mlado vino	Slóvenska	(VUT) (1)	Vín úr fullþroskuðum þrúgum með náttúrulegt alkóhólinnihald sem nemur að lágmarki 8,5% miðað við rúmmál (9,5% miðað við rúmmál frá svæði CII) og hámarksafurkastur er 8000 lítrar á hektara. Skýlt er að framkvæma greiningar- og skynmatsprófun.
Lacryma Christi	Ítalska	(VUT) (1, 3, 4, 5)	Sögulegt heiti eingöngu tengt „Vesuvio“ vínunum. Það var hefðbundið tengt sumum áðurnefndum vintegundum (bæði venjulegu víni og líkjör- og freyðivíni) sem eru framleiddar með sérstakri framleiðsluaðferð sem felur í sér að hágæðaaferð verður til með léttri pressun þrúgnanna og heitið er með trúarlega skírskotun.
Lambiccato	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti sem eingöngu tengist einhverri af „Castel San Lorenzo“ vintegundunum. Það vísar til vörutegundar og tiltekinnar framleiðsluaðferðar, þar sem Muscat þrúgur eru notaðar og þrúgur er lagðar í bleyti við stýrt hitastig í sérstökum ílátum sem hefðbundið nefnast „lambicchi“.
London Particular	Ítalska	(VUT) (3)	Sögulegt heiti sem eingöngu er tengt vínunum af „Marsala Superiore“ tegundinni. Hefð er fyrir að nota þetta heiti eða skammstöfun til að lýsa afurð sem er ætluð fyrir enska markaðinn. Einnig er hefðbundið að nota enska tungu og það er tekið fram í forskriftinni fyrir afurðina og í reglunum sem eru fastsettar fyrir „Marsala“ vín. Reyndar er það almenn vitneskja að mikilvægi og orðspor þessa heitis á líkjörvíni sé komin til vegna starfsemi bæði framleiðenda og enskra vínkaupmanna sem uppgötvuðu „Marsala“ árið 1773 og hafa alla tíð síðan framleitt þetta sérstaka vín og sett það á markað, þannig að það hefur orðið vel þekkt um allan heim og einkum á Englandi.
LP			
Inghilterra			
Occhio di Pernice	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti tengt sumum vínunum af tegundinni „Vin Santo“. Það vísar til framleiðsluaðferðarinnar og sérstaka litarins. Með sérstöku framleiðsluaðferðinni, sem byggir á notkun rauðra þrúgna, er hægt að framleiða afar dæmigerða afurð með sérstökum lit sem er frá því að vera ljósbleikur yfir í skærbleikan. Heitið merkir „auga akurhænnar“, sem vísar til litarins á víninu.

Oro	Ítalska	(VUT) (3)	Heiti tengt tilteknum „Marsala“ vínnum. Það vísar til sérstaka litarins og framleiðsluaðferðarinnar þar sem bannað er að nota soðið must. Þannig fæst verðmæt afurð með gullnum lit sem er meira og minna skær.
Passito	Ítalska	VUT/VLM (1, 3, 15, 16)	Heiti sem vísar til vörutegundarinnar og samsvarandi framleiðsluaðferðar. Heitin „passito“ eða „vino passito“, og „vino passito liquoroso“ eru frátekin fyrir venjuleg vín eða líkjörvín sem eru framleidd með gerjun þrúgna með náttúrulegri þurrkun eða þurrkun í loftræstu rými í samræmi við ákvæði forskriftarinnar fyrir afurðina. Samkvæmt lögum nr. 82/2006 má einnig nota þetta heiti um vín framleidd úr ofþroskuðum þrúgum.
Vino passito			
Vino Passito Liquoroso			
Ramie	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti sem er eingöngu tengt vínnum af einni af „Pinerolese“ vintegundunum. Það vísar til afurðategundarinnar og samsvarandi framleiðsluaðferðar sem byggir á þrúgum sem eru þurrkaðar að hluta til.
Rebola	Ítalska	(VUT) (1, 15)	Heiti sem er eingöngu tengt vínnum af einni af „Colli di Rimini“ vintegundunum. Það vísar til framleiðsluaðferðarinnar og afurðategundarinnar, sem er gullin og allt að gulbrún á litinn og framleidd úr þrúgum sem eru þurrkaðar að hluta til.
Recioto	Ítalska	(VUT) (1, 4, 5)	Sögulegt og hefðbundið heiti sem er nátengt heiti þriggja vína með upprunatáknun, sem eru framleidd í Veneto-héraðinu: Vernduðu upprunatáknarnir „Valpolicella“, „Gambellara“ og „Recioto di Soave“, eru heiti sem tilheyra framleiðslusvæðum sem eru staðsett mjög nærri hvert öðru og búa að svipuðum hefðum, einkum að því er varðar Verona- og Vicenza-héruðin. Heitið er upprunnið á fimmtu öld. Þá var þessu víni lýst sem afar verðmætu og frægu í hjarðljóðum og það var eingöngu framleitt í Verona-héraðinu og heiti þess er rakið til „Retia“, fjalla- og hæðasvæðis sem til forna náði yfir svæðið umhverfis Verona og Trento allt til svæðisins í kringum Como og Valtellina. Heitið hefur verið notað á þennan hátt frá fornu fari og er enn notað til að auðkenna vín sem framleitt er með sérstakri aðferð sem felur í sér þurrkun þrúgna.
Riserva	Ítalska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 15, 16)	Vín sem ganga í gegnum tiltekinn þroskunartíma, a.m.k. í tvö ár þegar um er að ræða rauðvín og eitt ár þegar um er að ræða hvítvín, með frekari þroskun í tunnum í samræmi við forskriftina fyrir afurðina. Forskriftin fyrir afurðina skal til viðbótar við venjulegar kröfur innihalda kröfur um að árgangurinn sé tilgreindur á merkimiða og einnig reglur sem skulu gilda ef um er að ræða blöndu úr vínnum af mismunandi árgöngum. Í verndaðri upprunatáknun freyði- og líkjörvína má nota þetta heiti í samræmi við skilyrðin í viðkomandi forskrift fyrir afurðina og í samræmi við lög Bandalagsins.
Rubino	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti tengt vernduðu upprunatáknuninni „Cantavenna“. Það vísar til framleiðsluaðferðarinnar og sérstaka litarins. Heitið „Rubino“ er enn fremur tengt tilteknu DOC vintegundunum „Teroldego Rotaliano“, „Trentino“ og „Garda Colli Mantovani“ og vísar þá til sérstaks litar afurðanna.
	Ítalska	(VUT) (3)	Heiti tengt tilteknum vínnum af tegundinni „Marsala“. Það vísar til sérstakrar aðferðar þar sem bannað er að nota soðið must. Þar að auki býr þetta vín yfir sérstökum rúbínrauðum lit, sem eftir þroskun fær á sig gulbrúnan bjarma.

Sangue di Giuda	Ítalska	(VUT) (4, 5, 8)	Sögulegt heiti sem eingöngu er notað um þá vintegund sem framleidd er á „Oltrepò Pavese“ svæðinu. Það hefur lengi verið notað um vín sem er með afar sérkennandi rauðan lit, sætt, freyðandi eða létt, bragðgott, þ.e. svo ljúft á bragðið að því meira sem þú drekkur þeim mun meira getur það svikið þig, eins og lærisveinninn frægi sem það er kennt við (Júdas).	
Scelto	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti tengt „Caldaro“, „Caldaro Classico — Alto Adige“ og „Colli del Trasimeno“ vínun. Það vísar til tilteknu afurðarinnar og samsvarandi framleiðsluaðferðar, allt frá því að þrúgurnar eru valdar (sem vínið dregur nafn sitt af, sem þýðir „valið“).	
Sciaccetrà	Ítalska	(VUT) (1)	Sögulegt, hefðbundið heiti sem er nátengt „Cinque Terre“ svæðinu. Það vísar til aðferðarinnar sem beitt er til að framleiða afurðina, þ.m.t. pressun þrúgna og geymsla. Orðrétt merking heitisins er „pressa og varðveita óbreytt“, sem er aðferð til að framleiða hágæðaaufurðir.	
Sciac-trà	Ítalska	(VUT) (1)	Sjá hér á undan (Schiacchetrà). Munurinn er sá að þetta heiti er notað um tiltekna vintegund.	
Spätlese	Þýska	VUT/VLM (1, 3, 15, 16)	Heiti sem er jafngilt heitinu „Vendemmia tardiva“, sem notað er í sjálfstjórnarsýslunni Bolzano.	
Soleras	Ítalska	(VUT) (3)	Heiti tengt tilteknu líkjörvini af tegundinni „Marsala“. Það vísar til afurðarinnar og sérstakrar framleiðsluaðferðar sem felur í sér proskunartíma, sem varir að lágmarki í fimm ár, í viðartunnum. Notkun á soðnu musti eða mustþykkni er bönnuð. Afurðin sem þannig fæst er hrein náttúruafurð sem inniheldur engin aukaleg efni, ekki einu sinni úr vínun, nema augljóslega alkóhól, þar sem um er að ræða líkjörvín.	
Stravecchio	Ítalska	(VUT) (3)	Heiti sem eingöngu er tengt „Marsala“ tegundunum „Vergine“ og/eða „Soleras“. Það vísar til sérstakrar framleiðsluaðferðar sem felur í sér proskunartíma, sem varir að lágmarki í tíu ár, í viðartunnum.	
Strohwein	Þýska	VUT/VLM (1, 3, 11, 15, 16)	Sjá hefðbundna heitið „Passito“. Bókstaflega merkingin er „hálmvín“. Það vísar til tiltekins víns sem er framleitt í Bolzano-héraði og samsvarar framleiðsluaðferð sem felur í sér að eftir uppskeruna eru þrúgurnar þurrkaðar á grindum úr hálm samkvæmt þurrkunaraðferðinni sem kveðið er á um í forskriftunum fyrir afurðina.	
Superiore	Ítalska	(VUT) (1, 3, 4, 5, 6, 8, 15, 16)	Vín með eiginleika af hærri gæðum en önnur vín og sem strangari reglugerðir og framleiðslureglur gilda um. Í forskriftinni fyrir afurðina er kveðið á um eftirfarandi mismun: a) styrkur náttúrulegs alkóhóls í þrúgum skal vera a.m.k. meira en 0,5% miðað við rúmmál, b) alkóhólinnihald í heild skal vera a.m.k. meira en 0,5% miðað við rúmmál.	San Marinó
Superiore Old Marsala	Ítalska	(VUT) (3)	Heiti tengt vintegundinni „Marsala Superiore“. Það vísar til tilteknu afurðarinnar og sérstakrar framleiðsluaðferðar sem felur í sér proskunartíma, sem varir að lágmarki í tvö ár, í viðartunnum. Heitið inniheldur enn fremur enskt heiti, sem er hefðbundið notað um líkjörvín og kveðið á um í bæði forskriftinni fyrir afurðina og lögunum um „Marsala“ vín. Mikilvægi og orðstír þessa heitis stafar af starfsemi bæði framleiðenda og enskra vínkaupmanna sem uppgötvuðu þetta tiltekna vín árið 1773 og hafa alla tíð síðan framleitt og sett það á markað, þannig að það hefur orðið vel þekkt um allan heim og einkum á Englandi.	

Torchiato	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti sem eingöngu er tengt „Colli di Conegliano — Torchiato di Fregona“ vínun. Það vísar til sérstakra eiginleika afurðarinnar sem verður til með ítarlegri framleiðsluaðferð sem felur í sér léttu pressun þrúgnanna.
Torcolato	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti sem eingöngu er tengt tiltekinni vintegund sem nefnist „Breganze“. Það vísar til sérstakra eiginleika afurðarinnar sem verða til með nákvæmri framleiðsluaðferð sem felur í sér að notaðar eru þrúgur sem eru þurrkaðar að hluta til. Þegar þrúgurarnar hafa verið tindar eru þær hengdar upp á grindur sem síðan er snúið og loks hengdar upp aftur til þurrkunar. Þannig er þurrkunarferlið sem þrúgurarnar ganga í gegnum.
Vecchio	Ítalska	(VUT) (1, 3)	Heiti tengt „Rosso Barletta“, „Aglanico del Vulture“, „Marsala“ og „Falerno del Massico“ vínun. Það vísar til þroskunarskilyrðanna og síðari þroskunar og hreinsunar afurðarinnar.
Vendemmia Tardiva	Ítalska	VUT/VLM (1, 3, 15, 16)	Heiti tengt tiltekinni tegund afurðarinnar, sem felur í sér að þrúgurarnar eru tindar seint. Þrúgurarnar þroskast þá og þorna á vínviðnum, þar sem þær verða fyrir áhrifum af veðrinu og umhverfinu, og þannig verður til einstök afurð, sérstaklega að því er varðar sykurinnihald og ilm. Þannig verður til afar sérstakt vín. Þessi vín eru einnig flokkuð sem eftirréttavin (e. dessert wine) eða ihugunarvín (e. meditation wines).
Verdolino	Ítalska	VUT/VLM (1)	Heiti sem vísar til framleiðsluaðferðarinnar og sérstaka græna litarins.
Vergine	Ítalska	(VUT) (1, 3)	Heiti tengt „Marsala“ vínun. Það vísar til tilteknu afurðarinnar og sérstakrar framleiðsluaðferðar, sem felur í sér þroskunartíma sem varir að lágmarki í fimm ár, í viðartunnum, og einnig er samkvæmt henni bannað að bæta við soðnu musti eða mustþykkni. Þannig verður til hrein náttúruafurð án aukalegra efnisþátta, ekki einu sinni úr vínun, nema að því er varðar alkóhól sem nauðsynlegt er að bæta í líkjörvín. Þetta heiti er enn fremur tengt „Bianco Vergine Valdichiana“ vínun. Það tengist hefðbundinni framleiðsluaðferð sem felur í sér gerjun án hýðis, sem leiðir til hreinnar og náttúrulegar lokaafurðar.
Vermiglio	Ítalska	(VUT) (1)	Heitið er tengt „Colli dell'Etruria Centrale“ vínun. Það vísar bæði til sérstöku gæðaeinkennanna og sérstaka litarins.
Vino Fiore	Ítalska	(VUT) (1)	Heiti tengt sérstakri framleiðsluaðferð sumra hvítvína og rósavína. Aðferðin felur í sér léttpressun þrúgna þannig að úr verður afar fingert bragð, sem laðar fram bestu eiginleika vínsins eða „blóma“ þess (fiore).
Vino Novello	Ítalska	VUT/VLM (1, 8)	Heitið tengist sérstakri framleiðsluaðferð og framleiðslutíma, þar sem setning á markað og neysla hefst 6. nóvember á uppskeruárinu.
Novello			

Vin Santo	Ítalska	(VUT) (1)	Sögulegt og hefðbundið heiti tengt sumum vínnum sem eru framleidd á svæðunum Toscana, Marche, Umbria, Emilia Romagna, Veneto og Trentino Alto Adige.	
Vino Santo			Það vísar til sérstakrar vintegundar og samsvarandi flókinna framleiðsluaðferðar, sem felur í sér geymslu og þurrkun vínþrúgna á hentugum og loftræstum stöðum og langan þroskunartíma í hefðbundnum viðarilátum.	
Vinsanto			Margar tilgátur eru til um uppruna heitisins, flestar tengdar miðöldum. Sú trúverðugasta tengist sterklega trúarlegu gildi vínsins. Það var talið afar sérstakt og því voru eignaðir eiginleikar sem voru kraftaverkum líkastir. Það var oft notað við messugjörð og það kann að vera skýringin á heitinu „heilagt vín“ („vinsanto“). Þetta heiti er enn notað og því er lýst ítarlega í forskriftum fyrir vín með verndaða upprunatáknum og vinið er vel þekkt og mikils metið um allan heim.	
Vivace	Ítalska	VUT/VLM (1, 8)	Heiti sem vísar til framleiðsluaðferðarinnar og samsvarandi afurðar. Það er freyðandi vegna koltvísýringisins sem það inniheldur og stafar af sérstöku, náttúrulegu gerjunarferli.	

KÝPUR

Αμπελώνας (-ες) (Ampelonas (-es)) (Vineyard(-s))	Gríska	VUT/VLM (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 15, 16)	Vín framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem eru a.m.k. 1 hektari og tilheyra bújörð. Vínframleiðslan fer öll fram á bújörðinni innan svæðisins sem um ræðir WPC – Board act 6/2006 (EC382/2007, L95, 5.4.2007)	
Κτήμα (Ktima) (Domain)	Gríska	VUT/VLM (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 15, 16)	Vín framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem eru a.m.k. 1 hektari og tilheyra bújörð. Vínframleiðslan fer öll fram á bújörðinni. WPC – Board act 6/2006 (EC382/2007, L95, 5.4.2007)	
Μοναστήρι (Monastiri) (Monastery)	Gríska	VUT/VLM (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 15, 16)	Vín framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem eru a.m.k. 1 hektari og tilheyra bújörð. Á sama landbúnaðarsvæði stendur munkaklaustur. Vínframleiðslan fer öll fram á bújörðinni. WPC – Board act 6/2006 (EC382/2007, L95, 5.4.2007)	
Μονή (Moni) (Monastery)	Gríska	VUT/VLM (1, 3, 4, 5, 6, 8, 9, 15, 16)		

LÚXEMBOURG

Château	Franska	(VUT) (1)	Heiti sem tengist heiti bújarðarinnar, að því tilskildu að þrúgurnar komi eingöngu þaðan og vínframleiðslan fari öll fram á bújörðinni.	Sile
---------	---------	--------------	---	------

Grand premier cru	Franska	(VUT) (1)	Vín sem mega bera landsbundna „Marque nationale“ innsiglið mega einnig bera eina af eftirfarandi gæðamerkingum: „Vin classé“, „Premier cru“ eða „Grand premier cru“, sem hafa verið notaðar síðan 1959. Opinber nefnd ákveður hvaða vín megi bera þessi heiti, eftir að hvert vín er bragðað og því gefið einkunn á mælikvarða sem fer upp í 20 stig, á eftirfarandi hátt: – vín sem fá minna en 12 stig eru ekki flokkuð opinberlega og þau má ekki merkja með „Marque nationale — appellation contrôlée“, – vín sem fá a.m.k. 12,0 stig eru opinberlega viðurkennd sem „Marque nationale — appellation contrôlée“, – vín sem fá a.m.k. 14,0 stig mega bera heitið „Vin classé“ auk „Marque nationale — appellation contrôlée“, – vín sem fá a.m.k. 16,0 stig mega bera heitið „Premier cru“ auk „Marque nationale — appellation contrôlée“, – vín sem fá a.m.k. 18,0 stig mega bera heitið „Grand premier cru“ auk „Marque nationale — appellation contrôlée“.	Túnis
Premier Cru				
Vin classé				
Vendanges tardives	Franska	(VUT) (1)	Auðkennir vín úr þrúgum sem eru tíndar seint á uppskerutímanum og eingöngu af einu af eftirfarandi yrkjum: Auxerrois, Pinot blanc, Pinot gris, Riesling eða Gewürztraminer. Þrúgurnar skulu handtíndar og styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál skal vera a.m.k. 95 Oechsle-gráður fyrir Riesling og 105 Oechsle-gráður fyrir öll önnur yrki. (Reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 8. janúar 2001)	
Vin de glace	Franska	(VUT) (1)	Auðkennir ísvín framleitt úr þrúgum sem eru handtíndar frosnar við -7°C eða lægra hitastig. Við vínframleiðsluna má eingöngu nota þrúgur af yrkjunum Pinot blanc, Pinot gris og Riesling og styrkur náttúrulegs alkóhóls í mustinu skal vera sem nemur a.m.k. 120 Oechsle-gráðum, miðað við rúmmál. (Reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 8. janúar 2001)	
Vin de paille	Franska	(VUT) (1)	Auðkennir hálmvín úr þrúgum af einhverju af yrkjunum Auxerrois, Pinot blanc, Pinot gris eða Gewürztraminer. Þrúgurnar skulu handtíndar og lagðar til þerris á mottur úr hálm í a.m.k. tvo mánuði. Í stað hálmisins má nota grindur af nútímalegri gerð. Styrkur náttúrulegs alkóhóls þrúgnanna skal vera a.m.k. sem nemur 130 Oechsle-gráðum, miðað við rúmmál. (Reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 8. janúar 2001)	
UNGVERJALAND				
Aszú (3)(4)(5)(6) puttonyos	Ungverska	(VUT) (1)	Vín sem er framleitt með því að hella nýju víni, musti, eða nýju víni í gerjun, yfir Botrytis-sýktar þrúgur (aszú) og látið þroskast í a.m.k. þrjú ár (þar af tvö ár í tunnum). Einnig er kveðið á um sykurrinnihald og sykurlaust innihald. Heitið má aðeins nota um vín með vernduðu upprunatáknunina „Tokaj“.	
Aszúeszencia	Ungverska	(VUT) (1)		
Bikavér	Ungverska	(VUT) (1)	Rauðvín sem er framleitt úr a.m.k. þremur yrkjum og látið þroskast í viðartunnu í a.m.k. 12 mánuði og sem ítarlegri forskriftir kunna að gilda um samkvæmt staðbundnum reglugerðum. Heitið má aðeins nota um vín með vernduðu upprunatáknunina „Eger“ og „Szekszárd“.	

Eszencia	Ungverska	(VUT) (1)	Safi Botrytis-sýktra þrúgna (aszú) sem rennur á náttúrulegan hátt úr kerjunum sem þrúgurnar eru tíndar í við uppskeruna. Magn sykurleifa: a.m.k. 450 g/l. Sykurlaus kjarni: a.m.k. 50 g/l. Heitið má aðeins nota um vín með vernduðu upprunatakununa „Tokaj“.
Fordítás	Ungverska	(VUT) (1)	Vín sem er framleitt með því að hella víni yfir pressað aszú-mauk af sama árgangi og látið þroskast í a.m.k. tvö ár (þar af eitt ár í tunnu). Heitið má aðeins nota um vín með vernduðu upprunatakununa „Tokaj“.
Máslás	Ungverska	(VUT) (1)	Vín framleitt með því að hella víni yfir dreggjar Tokaj Aszú-víns af sama árgangi sem hefur verið látið þroskast í a.m.k. tvö ár (þar af eitt ár í tunnu). Heitið má aðeins nota um vín með vernduðu upprunatakununa „Tokaj“.
Késői szüretelésű bor	Ungverska	VUT/VLM (1)	Uppskeran fer seint fram. Sykurinnihald mustsins skal vera a.m.k. 204,5 g/l.
Válogatott szüretelésű bor	Ungverska	VUT/VLM (1)	Vín framleitt úr völdum berjum. Sykurinnihald mustsins skal vera a.m.k. 204,5 g/l.
Muzeális bor	Ungverska	VUT/VLM (1)	Vín sem er látið þroskast á flösku í a.m.k. fimm ár.
Siller	Ungverska	VUT/VLM (1)	Rauðvín með afar skæran lit vegna stuttrar lagnar í bleyti.
Szamorodni	Ungverska	(VUT) (1)	Vín sem er framleitt úr bæði Botrytis-sýktum þrúgum (aszú) og heilbrigðum þrúgum og látið þroskast í a.m.k. tvö ár (þar af eitt ár í tunnu). Mustið skal innihalda a.m.k. 230,2 grömm af sykri fyrir hvern lítra. Heitið má aðeins nota um vín með vernduðu upprunatakununa „Tokaj“.

AUSTURRÍKI

Ausstich	Þýska	VUT/VLM (1)	Vínið skal framleitt úr þrúgum frá einu uppskeruári og á merkimiðanum skulu vera upplýsingar um valforsendurnar.
Auswahl	Þýska	VUT/VLM (1)	Vínið skal framleitt úr þrúgum frá einu uppskeruári og á merkimiðanum skulu vera upplýsingar um valforsendurnar.
Bergwein	Þýska	VUT/VLM (1)	Vínið skal framleitt úr þrúgum sem ræktaðar eru á stöllum eða í bröttum hlíðum vínekra með meira en 26% halla.
Klassik	Þýska	(VUT)	Vínið skal framleitt úr þrúgum frá einu uppskeruári og á merkimiðanum skulu vera upplýsingar um valforsendurnar.
Classic		(1)	

Heuriger	Þýska	VUT/VLM (1)	Vínið skal selt til smásala fram til loka desembermánaðarins eftir uppskeru þrúgnanna og það má selja til neytenda til loka næsta marsmánaðar.
Gemischter Satz	Þýska	VUT/VLM (1)	Vínið skal vera blanda ólíkra tegunda hvít- eða rauðvína.
Jubiläumswein	Þýska	VUT/VLM (1)	Vínið skal framleitt úr þrúgum frá einu uppskeruári og á merkimiðanum skulu vera upplýsingar um valforsendurnar
Reserve	Þýska	(VUT) (1)	Vínið skal vera með alkóhólinnihald sem nemur a.m.k. 13% miðað við rúmmál. Þegar um er að ræða rauðvín má ekki setja eftirlitsnúmerið fyrir gæðavin á fyrr en 1. nóvember á árinu eftir uppskeruárið og þegar um er að ræða hvítvín ekki fyrr en 15. mars á árinu eftir uppskeruárið.
Schilcher	Þýska	VUT/VLM (1)	Vínið skal vera framleitt í Steiermark og eingöngu úr þrúgum af „Blauer Wildbacher“ yrkinu, sem er ræktað á vínræktarsvæðinu Steirerland.
Sturm	Þýska	(VLM) (1)	Þrúgumust, gerjað að hluta til, með alkóhólinnihald sem nemur a.m.k. 1% miðað við rúmmál. Sturm skal selja milli ágúst- og desembermánaðar á uppskeruárinu og það skal enn vera að gerjast á meðan á sölutímanum stendur.
PORTÚGAL			
Canteiro	Portúgalska	(VUT) (3)	Heiti sem er frátekið fyrir „Madeira“ vín með verndaða upprunatáknun sem er styrkt að gerjun lokinni og geymt í tunnu, látið þroskast í a.m.k. tvö ár og skráð í sérstaka skrá; það má ekki setja á flösku fyrr það hefur þroskast í þrjú ár. (Portaria no 125/98 frá 29.7.1998)
Colheita Seleccionada	Portúgalska	VUT/VLM (1)	Heiti sem er frátekið fyrir vín með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun, tappað á glerflöskur, með sérkennandi skynmatseinkenni, raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 1% hærra miðað við rúmmál en lágmarkið sem kveðið er á um með lögum og vínið skal skráð í sérstaka skrá og skylt skal vera að gefa upp uppskeruár þess. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)
Crusted	Enska	(VUT) (3)	Púrtvín með framúrskarandi skynmatseinkenni, rautt og með góða fyllingu þegar átöppun fer fram, góðan ilm og bragð, framleitt með því að blanda saman vínunum af nokkrum árgöngum til að fá fram skynmatseinkenni sem bæta hvert annað upp þannig að útfelling (crust) myndast á innri vegg flöskunnar þar sem hluti þroskunarinnar fer fram og Instituto dos Vinhos do Douro e do Porto viðurkennir réttinn til að nota heitið fyrir vínið (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)
Crusting			
Escolha	Portúgalska	VUT/VLM (1)	Heiti sem er frátekið fyrir vín með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun, tappað á glerflöskur, með sérkennandi skynmatseinkenni og skráð í sérstaka skrá. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)

Escuro	Portúgalska	(VUT) (3)	Heiti sem er frátekið fyrir „Madeira“ vín með verndaða upprunatáknun sem hefur einkar sterkan ilm sem er til kominn vegna jafnvægis á milli appelsínugulra og brúnleitra lita, þar sem þeir síðarnefndu eru ríkjandi, sem eru afleiðing oxunar á litarefnum vinsins og flæðis á útdregnu efni frá ámunni. (Portaria no 125/98 frá 29.7.1998)	
Fino	Portúgalska	(VUT) (3)	Fint gæðapúrtvín með verndaða upprunatáknun þar sem fullkomið jafnvægi er milli ferskleika sýranna, þroskans og ilmsins sem verður til við þroskun í ámunni. (Portaria no 125/98 frá 29.7.1998)	
			Gæðapúrtvín með margslungna ilm- og bragðeiginleika sem skapa skynmatseinkenni; hugtakið er eingöngu notað í tengslum við hefðbundnu púrtvínshugtökin „Tawny“, „Ruby“ og „White“. (Portaria no 1484/2002 frá 22.11.2002)	
Frasqueira	Portúgalska	(VUT) (3)	„Madeira“vín með verndaða upprunatáknun þar sem heitið tengist uppskeruárinu og afurðin skal framleidd úr hefðbundnum yrkjum og þroskuð í a.m.k. 20 ár áður en hún er sett á flöskur, það hefur sérkennandi gæði; auk þess skal það skráð í sérstaka skrá bæði fyrir og eftir átöppun. (Portaria no 125/98 frá 29.7.1998)	
Garrafeira	Portúgalska	VUT/VLM (1, 3)	Heiti sem er frátekið fyrir vín með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun og tengist uppskeruárinu, það hefur sérkennandi skynmatseinkenni og þegar um er að ræða rauðvín skal það látið þroskast í a.m.k. 30 mánuði, þar af a.m.k. 12 mánuði í glerflöskum og þegar um er að ræða hvítvín eða rósavín skal það látið þroskast í a.m.k. 12 mánuði, þar af a.m.k. sex mánuði í glerflöskum, og skal skráð í sérstaka skrá. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
		(VUT) (3)	Púrtvín með verndaða upprunatáknun sem eftir ákveðinn þroskunartíma í viðartunnum er geymt í glerilátum í a.m.k. átta ár og að þeim tíma loknum er því tappað á flöskur. (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)	
		(VUT) (3)	„Madeira“vín með verndaða upprunatáknun þar sem heitið tengist uppskeruárinu og afurðin skal framleidd úr hefðbundnum yrkjum, þroskuð í a.m.k. 20 ár áður en hún er sett á flöskur, það hefur sérkennandi gæði; auk þess skal það skráð í sérstaka skrá bæði fyrir og eftir átöppun. (Portaria no 40/82, frá 15.4.1982)	
Lágrima	Portúgalska	(VUT) (3)	Púrtvín með sykurinnihald sem skal samsvara þéttleika sem nemur 1034 til 1084 við 20 °C. (Decreto-Lei no 166/86, frá 26.6.1986)	

Leve	Portúgalska	VUT/VLM (1, 3)	Heiti sem er frátekið fyrir „Lisboa“vín með verndaða, landfræðilega merkingu, sem hefur lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls sem kveðið er á um fyrir viðkomandi vínræktarsvæði, raunverulegan alkóhólstyrkleika að hámarki 10% miðað við rúmmál, fast sýruinnihald sem nemur að lágmarki 4,5 g/l, gefið upp sem vinsýra, hámarksþrýstingur skal vera 1 bar og aðrar breytur sem gilda við greiningu skulu vera í samræmi við þau gildi sem skilgreind eru almennt fyrir vín með landfræðilegar merkingar. (Portaria no 426/2009, 23.4.2009)	
			Heiti sem er frátekið fyrir „Tejo“vín með verndaða, landfræðilega merkingu, sem hefur lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls sem kveðið er á um fyrir viðkomandi vínræktarsvæði, raunverulegan alkóhólstyrkleika að hámarki 10,5 % miðað við rúmmál, fast sýruinnihald sem nemur að lágmarki 4 g/l, gefið upp sem vinsýra, hámarksþrýstingur skal vera 1 bar og aðrar breytur sem gilda við greiningu skulu vera í samræmi við þau gildi sem skilgreind eru almennt fyrir vín með landfræðilegar merkingar. (Portaria no 445/2009, frá 27.4.2009)	
			Hvítvín með verndaða upprunatáknun með alkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 16,5% miðað við rúmmál. (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)	
			„Madeira“vín með verndaða upprunatáknun, hefur litla fyllingu en jafnvægi í samsetningu. (Portaria no 125/98 frá 29.7.1998)	
Nobre	Portúgalska	(VUT) (1)	Heiti sem er frátekið fyrir vín með upprunatáknunina „Dão“ og sem uppfyllir skilyrðin sem kveðið er á um í samþykktum Dão-vínræktarsvæðisins. (Decreto-Lei no 376/93, frá 5.11.1993)	
Reserva	Portúgalska	VUT/VLM (1, 3, 4, 5)	Heiti sem tengist uppskeruárinu og er frátekið fyrir vín sem er með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun og er tappað á glerflöskur, með sérkennandi skynmatseinkenni og raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 0,5% hærri miðað við rúmmál en lágmarkið sem kveðið er á um með lögum, og vínið skal skráð í sérstaka skrá. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
			Heiti sem er frátekið fyrir gæðafreyðivín og freyðivín með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun sem er geymt á flösku í 12 til 24 mánuði áður en umhelling eða útskot fer fram eða vindreggjarnar eru fjarlægðar. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
			Heiti sem tengist uppskeruárinu og er frátekið fyrir líkjörvín með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun, sem er tappað á glerflöskur og sem má ekki setja á markað fyrir en það er orðið þriggja ára gamalt; það skal skráð í sérstaka skrá. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
		(VUT) (1, 3, 4, 5)	Þúrtvín með sérkennandi skynmatseinkenni og flókinn ilm og bragð, sem fæst með því að blanda saman vínunum á ólíkum þroskunarstigum, sem gefur því sérstök skynmatseinkenni. (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)	
			„Madeira“vín með verndaða upprunatáknun sem er í samræmi við 5 ára regluna. (Portaria no 125/98 frá 29.7.1998)	

Reserva velha (ou grande reserva)	Portúgalska	VUT/VLM (1, 3, 4, 5)	Heiti sem er frátekið fyrir gæðafreyðivín og freyðivín með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun sem er geymt á flösku í lengur en 36 mánuði áður en umhelling eða útskot fer fram eða vindreggjarnar eru fjarlægðar. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
Ruby	Enska	(VUT) (3)	Púrtvín sem er rautt eða djúprautt á litinn. Vínframleiðandinn reynir að draga úr myndun dökkrauða litarins og viðhalda ávaxtabragði og styrk ungs víns. (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)	Suður Afrika (*)
Solera	Portúgalska	(VUT) (3)	„Madeira“vín með verndaða upprunatáknun sem er tengt dagsetningu uppskeru sem liggur til grundvallar framleiðslulotunni; á hverju ári er að hámarki 10% framleiðslulotunnar tekið til átöppunar og í stað þessa magns er sett annað gæðavín. Leyfilegur hámarksfjöldi viðbóta er 10 og að því loknu má setja allt vínið sem eftir er á flösku. (Portaria no 125/98 frá 29.7.1998)	
Super reserva	Portúgalska	VUT/VLM (4, 5)	Heiti sem er frátekið fyrir gæðafreyðivín og freyðivín með landfræðilega merkingu og upprunatáknun sem er geymt á flösku í 24 til 36 mánuði áður en umhelling eða útskot fer fram eða vindreggjarnar eru fjarlægðar. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
Superior	Portúgalska	VUT/VLM (1, 3)	Heiti sem er frátekið fyrir vín sem er með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun og er tappað á glerflöskur, hefur sérkennandi skynmatseinkenni og raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 1% hærri miðað við rúmmál en lágmarkið sem kveðið er á um með lögum og vínið skal skráð í sérstaka skrá. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
			Heiti sem er frátekið fyrir líkjörvín með landfræðilega merkingu eða upprunatáknun, er tappað á glerflöskur og má ekki setja á markað fyrr en það er orðið a.m.k. fimm ára; það skal skráð í sérstaka skrá. (Portaria no 924/2004, frá 26.7.2004)	
Tawny	Enska	(VUT) (3)	Rautt púrtvín sem hefur verið geymt í viðarlátum í a.m.k. sjö ár. Það er framleitt úr ólíkum vínnum sem hafa verið látin þroskast í mismilangum tíma í ánum eða kerjum. Með aldrinum verður vínið smám saman gulbrúnt, miðlungs gulbrúnt eða ljósgulbrúnt á litinn og ilmar af þurrkuðum ávöxtum og víði; því eldra sem vínið er því sterkari er ilmurinn. (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)	Suður Afrika (*)
Vintage, einnig með viðbættu Late Bottle (LBV) eða Character	Enska	(VUT) (3)	Púrtvín með skynmatseinkenni af afar háum gæðum, framleitt úr einni uppskeru, rautt og með góða fyllingu á þeim tíma sem það er samþykkt, vel ilmandi og gott á bragðið og Instituto dos Vinhos do Douro e do Porto viðurkennir réttinn til að nota heitið um vínið. Heitið „Late Bottled Vintage“ eða „LBV“ má nota frá fjórða árinu eftir uppskeruárið og síðasta átöppun má fara fram til 31. desember á sjötta árinu eftir uppskeruárið. (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)	

Vintage	Enska	(VUT) (3)	Púrtvín með framúrskarandi skynmatseinkenni, framleitt úr einni uppskeru, rautt og með góða fyllingu á þeim tíma sem það er samþykkt, mjög vel ilmandi og gott á bragðið og Instituto dos Vinhos do Douro e do Porto viðurkennir réttinn til að nota heitið um vínið og samsvarandi dagsetningu. Réttur til að nota heitið „Vintage“ hefst á öðru ári eftir uppskeruárið og síðasta átöppun skal fara fram eigi síðar en 30. júlí á þriðja ári eftir uppskeruárið. Vínið má einungis setja á markað frá og með 1. maí á öðru ári eftir uppskeruárið. (Regulamento no 36/2005, frá 18.4.2005)	Suður Afrika (*)
---------	-------	--------------	---	------------------

(*) Heitin „Ruby“, „Tawny“ og „Vintage“ eru notuð í samsetningu með suður-afrísku landfræðilegu merkingunni „CAPE“.

RÚMENÍA

Rezervă	Rúmenska	VUT/VLM (1)	Vín sem er látið þroskast í a.m.k. 6 mánuði í eikartunnum og a.m.k. sex mánuði í flöskum.	
Vin de vinotecă	Rúmenska	(VUT) (1, 15, 16)	Vín sem er látið þroskast í a.m.k. eitt ár í eikartunnum og a.m.k. fjögur ár í flöskum.	
Vin tânăr	Rúmenska	VUT/VLM (1)	Vín sem sett er á markað fyrir lok þess árs þegar það er samþykkt.	

SLÓVAKÍA

Mladé víno	Slóvakíska	(VUT) (1)	Vínið skal átappað fyrir lok almanaksársins sem þrúgurnar, sem notaðar eru til framleiðslu vínsins, eru tíndar. Vínið má setja í dreifingu frá fyrsta mánudegi í nóvember á sama uppskeruári.	
Archívne víno	Slóvakíska	(VUT) (1)	Vín sem hefur verið látið þroskast í a.m.k. þrjú ár eftir uppskeru þrúgnanna sem notaðar eru til framleiðslu vínsins.	
Panenská úroda	Slóvakíska	(VUT) (1)	Þrúgurnar sem notaðar eru við framleiðsluna eru úr fyrstu uppskeru á vínekru. Fyrsta uppskeran skal fara fram á þriðja eða í síðasta lagi á fjórða ári eftir plöntun.	

SLÓVENÍA

Mlado vino	Slóvenska	VUT/VLM (1)	Vín sem má ekki setja á markað fyrir en 30 dögum eftir uppskeru og einungis til 31. janúar.	
------------	-----------	----------------	---	--

(1) VUT (vernduð upprunátáknun) eða VLM (vernduð, landfræðileg merking), að viðbætti tilvísun til flokka vinnræktarafurða eins og um getur í XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

(2) Skáletruðu orðin eru eingöngu ætluð til fróðleiks og/eða útskýringar og falla ekki undir ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar. Þar sem þau eru aðeins leiðbeinandi geta þau ekki undir neinum kringumstæðum komið í stað viðkomandi landslögjafar.“

II. VIÐAUKI

„XV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR VÍNVIÐARYRKI OG SAMHEITI ÞEIRRA SEM HEIMILT ER AÐ KOMI FRAM Á MERKIMIÐUM VÍNA

A-HLUTI: Skrá yfir vínviðaryrki og samheiti þeirra sem heimilt er að komi fram á merkimiðum vína í samræmi við 3. mgr. 62. gr.

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess ⁽¹⁾
1	Alba (IT)	Albarossa	Ítalía ^o
2	Alicante (ES)	Alicante Bouschet	Grikkland^o, Ítalía^o, Portúgal^o, Alsír^o, Túnis^o, Bandaríkin^o, Kýpur^o, Suður-Afríka <i>Ath.: Ekki er heimilt að nota heitið „Alicante“ eitt og sér sem heiti á víni.</i>
3		Alicante Branco	Portúgal^o
4		Alicante Henri Bouschet	Frakkland^o, Serbía og Svartfjallaland (6)
5		Alicante	Ítalía^o
6		Alikant Buse	Serbía og Svartfjallaland (4)
7	Avola (IT)	Nero d'Avola	Ítalía
8	Bohotin (RO)	Busuioacă de Bohotin	Rúmenía
9	Borba (PT)	Borba	Spánn^o
10	Bourgogne (FR)	Blauburgunder	Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu) (13–20–30), Austuríki (18–20), Kanada (20–30), Síle (20–30), Ítalía (20–30), Sviss
11		Blauer Burgunder	Austuríki (10–13), Serbía og Svartfjallaland (17–30)
12		Blauer Frühburgunder	Þýskaland (24)
13		Blauer Spätburgunder	Þýskaland (30), Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu) (10–20–30), Austuríki (10–11), Búlgaría (30), Kanada (10–30), Síle (10–30), Rúmenía (30), Ítalía (10–30)
14		Burgund Mare	Rúmenía (35, 27, 39, 41)
15		Burgundac beli	Serbía og Svartfjallaland (34)
16		Burgundac Crni	Króatía ^o
17		Burgundac crni	Serbía og Svartfjallaland (11–30)
18		Burgundac sivi	Króatía ^o , Serbía og Svartfjallaland^o
19		Burgundec bel	Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu)^o
20		Burgundec crn	Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu) (10–13–30)
21		Burgundec siv	Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu)^o
22		Early Burgundy	Bandaríkin^o
23		Fehér Burgundi, Burgundi	Ungverjaland (31)
24		Frühburgunder	Þýskaland (12), Holland^o
25		Grauburgunder	Þýskaland, Búlgaría, Ungverjaland ^o , Rúmenía (26)
26		Grauer Burgunder	Kanada, Rúmenía (25), Þýskaland, Austuríki
27		Grossburgunder	Rúmenía (37, 14, 40, 42)
28		Kisburgundi kék	Ungverjaland (30)
29		Nagyburgundi	Ungverjaland ^o
30		Spätburgunder	Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu) (10–13–20), Serbía og Svartfjallaland (11–17), Búlgaría (13), Kanada (10–13), Síle, Ungverjaland (29), Moldóva ^o , Rúmenía (13), Ítalía (10–13), Breska konungsríkið , Þýskaland (13)
31		Weißburgunder	Suður-Afríka (33), Kanada, Síle (32), Ungverjaland (23), Þýskaland (32, 33), Austurríki (32), Bretland ^o , Ítalía
32		Weißer Burgunder	Þýskaland (31, 33), Austuríki (31), Síle (31), Slóvenía, Ítalía

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess ⁽¹⁾
33		Weissburgunder	Suður-Afríka (31), Þýskaland (31, 32), Breska konungsríkið, Ítalía, Sviss ^o
34		Weisser Burgunder	Serbía og Svartfjallaland (15)
35	Calabria (IT)	Calabrese	Ítalía
36	Cotnari (RO)	Grasă de Cotnari	Rúmenía
37	Franken (DE)	Blaufränkisch	Tékkland (39), Austurríki ^o , Þýskaland, Slóvenía (Modra frankinja , Frankinja), Ungverjaland, Rúmenía (14, 27, 39, 41)
38		Frâncușă	Rúmenía
39		Frankovka	Tékkland (37), Slóvakía (40), Rúmenía (14, 27, 38, 41)
40		Frankovka modrá	Slóvakía (39)
41		Kékfrankos	Ungverjaland, Rúmenía (37, 14, 27, 39)
42	Friuli (IT)	Friulano	Ítalía
43	Graciosa (PT)	Graciosa	Portúgal^o
44	Мелник (BU)	Мелник	Búlgaría
	Melnik	<i>Melnik</i>	
45	Montepulciano (IT)	Montepulciano	Ítalía^o
46	Moravské (CZ)	Cabernet Moravia	Tékkland
47		Moravia dulce	Spánn^o
48		Moravia agria	Spánn^o
49		Muškat moravský	Tékkland^o, Slóvakía
50	Odobești (RO)	Galbenă de Odobești	Rúmenía
51	Porto (PT)	Portoghese	Ítalía^o
52	Rioja (ES)	Torrontés riojano	Argentína^o
53	Sardegna (IT)	Barbera Sarda	Ítalía
54	Sciaccia (IT)	Sciaccarello	Frakkland

B-HLUTI: Skrá yfir vínviðaryrki og samheiti þeirra sem heimilt er að komi fram á merkimiðum vína í samræmi við 4. mgr. 62. gr.

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess (2)
1	Mount Athos — Agioritikos (GR)	Agioritikos	Grikkland^o, Kýpur^o
2	Aglianico del Taburno (IT)	Aglianico	Ítalía^o, Grikkland^o, Malta^o, Bandaríkin
3	Aglianico del Vulture (IT)	Aglianicone	Ítalía^o
4	Aleatico di Gradoli (IT)		
	Aleatico di Puglia (IT)	Aleatico	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
5	Ansonica Costa dell'Argentario (IT)	Ansonica	Ítalía, Ástralía
6	Conca de Barbera (ES)	Barbera Bianca	Ítalía^o
7		Barbera	Suður-Afríka^o, Argentína^o, Ástralía^o, Króatía^o, Mexíkó^o, Slóvenía^o, Úrúgvæ^o, Bandaríkin^o, Grikkland^o, Ítalía^o, Malta^o
8		Barbera Sarda	Ítalía^o
9	Malvasia di Castelnuovo Don Bosco (IT) Bosco Eliceo (IT)	Bosco	Ítalía^o
10	Brachetto d'Acqui (IT)	Brachetto	Ítalía, Ástralía
11	Etyek-Buda (HU)	Budai	Ungverjaland^o
12	Cesanese del Piglio (IT)	Cesanese	Ítalía, Ástralía
	Cesanese di Olevano Romano (IT)		
	Cesanese di Affile (IT)		

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess (2)
13	Cortese di Gavi (IT) Cortese dell'Alto Monferrato (IT)	Cortese	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
14	Duna (HU)	Duna gyöngye	Ungverjaland
15	Dunajskostredský (SK)	Dunaj	Slóvakía
16	Côte de Duras (FR)	Durasa	Ítalía
17	Korinthos-Korinthiakos (GR)	Corinto Nero	Ítalía°
18		Korinthiaki	Grikkland°
19	Fiano di Avellino (IT)	Fiano	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
20	Fortana del Taro (IT)	Fortana	Ítalía, Ástralía
21	Freisa d'Asti (IT) Freisa di Chieri (IT)	Freisa	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
22	Greco di Bianco (IT) Greco di Tufo (IT)	Greco	Ítalía, Ástralía
23	Grignolino d'Asti (IT) Grignolino del Monferrato Casalese (IT)	Grignolino	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
24	Izsáki Arany Sárfehér (HU)	Izsáki Sáfeher	Ungverjaland
25	Lacrima di Morro d'Alba (IT)	Lacrima	Ítalía, Ástralía
26	Lambrusco Grasparossa di Castelvetro	Lambrusco grasparossa	Ítalía
27		Lambrusco	Ítalía, Ástralía(2), Bandaríkin
28	Lambrusco di Sorbara (IT)		
29	Lambrusco Mantovano (IT)		
30	Lambrusco Salamino di		
31	Santa Croce (IT)	Lambrusco Salamino	Ítalía
32	Colli Maceratesi	Maceratino	Ítalía, Ástralía
33	Nebbiolo d'Alba (IT)	Nebbiolo	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
34	Colli Orientali del Friuli	Picolit	Ítalía
35	Picolit (IT)	Pikolit	Slóvenía
36	Colli Bolognesi Classico Pignoletto (IT)	Pignoletto	Ítalía, Ástralía
37	Primitivo di Manduria	Primitivo	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
38	Rheingau (DE)	Rajnai rizling	Ungverjaland (41)
39	Rheinhessen (DE)	Rajnski rizling	Serbía og Svartfjallaland (40–41–46)
40		Renski rizling	Serbía og Svartfjallaland (39–43–46), Slóvenía° (45)
41		Rheinriesling	Búlgaría°, Austuríki, Þýskaland (43), Ungverjaland (38), Tékkland (49), Ítalía (43), Grikkland, Portúgal, Slóvenía
42		Rhine Riesling	Suður Afrika°, Ástralía°, Síle (44), Moldavía°, Nýja-Sjáland°, Kýpur, Ungverjaland°
43		Riesling renano	Þýskaland (41), Serbía og Svartfjallaland (39– 40–46), Ítalía (41)
44		Riesling Renano	Síle (42), Malta°
45		Radgonska ranina	Slóvenía
46		Rizling rajnski	Serbía og Svartfjallaland (39–40–43)
47		Rizling Rajnski	Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)°, Króatía°
48		Rizling rýnsky	Slóvakía°
49		Ryzlink rýnský	Tékkland (41)
50	Rossese di Dolceacqua (IT)	Rossese	Ítalía, Ástralía
51	Sangiovese di Romagna (IT)	Sangiovese	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
52	Štajerska Slovenija (SV)	Štajerska belina	Slóvenía

	Heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar	Heiti yrkis eða samheiti	Lönd sem hafa heimild til að nota heiti yrkis eða eitt af samheitum þess (2)
53	Teroldego Rotaliano (IT)	Teroldego	Ítalía, Ástralía, Bandaríkin
54	Vinho Verde (PT)	Verdea	Ítalía^o
55		Verdeca	Ítalía
56		Verdese	Ítalía^o
57	Verdicchio dei Castelli di Jesi (IT) Verdicchio di Matelica (IT)	Verdicchio	Ítalía, Ástralía
58	Vermentino di Gallura (IT) Vermentino di Sardegna (IT)	Vermentino	Ítalía, Ástralía
59	Vernaccia di San Gimignano (IT) Vernaccia di Oristano (IT) Vernaccia di Serrapetrona (IT)	Vernaccia	Ítalía, Ástralía
60	Zala (HU)	Zalagyöngye	Ungverjaland

(*) *SKÝRING:*

- skáletruð heiti: tilvísun til samheitis vínþrúguyrkisins
- “^o” ekkert samheiti
- feitlettruð heiti: 3. dálkur: Heiti vínþrúguyrkisins
4. dálkur: land þar sem heitið svarar til yrkis og tilvísunar til yrkisins
- ekki feitlettruð heiti: 3. dálkur: samheiti vínviðaryrkis
4. dálkur: heiti lands sem notar samheiti vínviðaryrkis

⁽¹⁾ Undanþágurnar, sem kveðið er á um í þessum viðauka, skulu aðeins gilda í viðkomandi löndum þegar um er að ræða vín með verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem eru framleidd með viðkomandi yrkjum.

⁽²⁾ Notkun heimiluð í samræmi við ákvæði 4. mgr. 22. gr. í samningnum á milli Evrópubandalagsins og Ástralíu frá 1. desember 2008 um viðskipti með vín (Stjtið. ESB L 28, 30.1.2009, bls. 3).⁴⁴